



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. janúar 2005 – 1. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefvang: visir.is – Sími: 550 5000 VISIR

MÁNUDAGUR



FLEIRI FINNST VARLA Rúmri viku eftir að flóðbylgjan gekk á land við Indlandshaf eru 150 þúsund látnir og þúsunda enn saknað. Ólíklegt er að fleiri muni finnast á líffi og hjálparveitir hætta senn að leita. Neyðargögn eru farin að berast á flesta staði. **Sjá síðu 2**

NÖFNIN BIRT Í FJÖLMIDLUM Birting lista nafna fólks sem er saknað ber árgangur á Norðurlöndum. Þjóðarsorg hefur verið um helgina í Danmörku, Svíþjóð, Norgei og Finnlandi vegna hamfaranna í Asíu. **Sjá síðu 4**

ALMENNINGUR MÓTI NÝJA STJÓRNARSKRÁ Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði í áramótaávarpi að stjórnarskrárbreytingar væru „verkefni okkra allra“. Forseti Íslands tilkynnti stofnun menntaverðlauna í nýársávarpi sínu og sagði kennaraverkfall ekki mega endurtaka sig. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG



STÓRHRÍÐ NORÐVESTAN TIL Víða snjócoma eða slydda. Skafrenningur nýrðra. Hiti 1-5 stig sunnan til en við frostmark fyrir norðan. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



SKÁLDASPÍRUKVÖLD Skáldaspírukvöld verður haldið í kvöld klukkan 21 á Kaffi Reykjavík. Þeir sem lesa núna upp eru Sígfrús Bjartmarsson, Þóra Ingimarsdóttir, Úlfar Þormóðsson, Sindri Freysson og Jökull Valsson, öll úr nýútkomnum bókum, en einnig les Guðrún Heiður Ísaksdóttir úr óbirtum verkum sínum.

| | | | |
|------------|----|----------|----|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 26 |
| Tónlist | 26 | Íþróttir | 20 |
| Leikhús | 26 | Sjónvarp | 28 |



Matarskortur hjá sjálfboðaliðum

Íslenskur fulltrúi Rauða krossins er á Súmöttru. Eyðileggingin er gríðarleg og margir þeirra sem eru við hjálparstörf hafa sjálfir misst einhvern í hamförunum. Vart hefur orðið við matarskort hjá sjálfboðaliðum.

JARÐSKJÁLFTI Guðbjörg Sveinsdóttir, sendifulltrúi frá íslenska Rauða krossinum, fór til Indónesíu í fyrradag. Hún segir að stærsta vandamál hjálparstarfsins sé hversu erfitt getur verið að komast til þeirra svæða sem verst urðu úti. „Á ákveðnum svæðum, sérstaklega á suðurströndinni, er ekki hægt að komast að nema með þylrum. Þangað eru sjálfboðaliðar nýkomnir og bara rétt farið að meta eyðilegginguna.“ Þar koma erfiðar aðstæður ekki eingöngu niður á innfæddum. „Hjálpar-

starfsmenn á suðurströndinni eiga mjög erfitt. Fólkið þarf að vera í tjöldum og sjálfu sér nógt um mat og vatn. Það tekur á, sérstaklega á þeim svæðum þar sem vart hefur orðið við matarskort á meðal sjálfboðaliðanna sjálfrá. Ég býst við að mitt aðalstarf verði að hlúa að sjálfboðaliðum og búa til skipulag til að meta ástandið í heild,“ segir Guðbjörg, sem er geðhjúkrunarfræðingur og sinnir sálrænum og félagslegum stuðningi við þá sem hafa farið illa út úr hamförunum. Hún er núna í

samhæfingarmiðstöð Rauða krossins í Medan á Norður-Súmöttru, en kemur líklega til með að sinna starfi sínu í borginni Banda Aceh á nyrsta odda eyjarinnar. „Helmungur borgarinnar Banda Aceh er í rúst, ekkert rafmagn og samgöngur erfiðar vegna þess að vegir eyðilögðust.“ Í borginni er mikið starf fyrir höndum við aðhlyningu sjálfboðaliða. „Stór hluti þeirra sem starfa í borginni hefur verið við störf frá upphafi hjálparstarfsins og margir hafi misst einhvern í hamförunum.“ - at

Snjóflóðahætta á Vestfjörðum: Hús rýmd

ALMANNAVARNIR Vegna slæmrar veðurspár ákvað Almannavarnarnefnd Ísafjarðarbæjar í gærkvöld að rýma nokkur hús á norðanverðum Vestfjörðum. Um er að ræða 10 til 15 hús í Skutulsfirði, Hnifsdal, Önundarfirði og Dýrafirði, en einnig varar nefndin við veðurham og snjóflóðahætta á öðrum stöðum, meðal annars á Ísafjarðarflugvelli. Ekki er vitað hversu margir þurfa að yfirgefa heimili sín þar sem eitthvað er um að fólk sé að heiman. Einnig eru nokkur þeirra húsa sem rýma þurftu atvinnuhúsnæði eða hús sem ekki er vitað til að búið sé í. Líklegt er þó talið að um sé að ræða nokkra tugi einstaklinga sem þurftu að yfirgefa heimili sín í gærkvöld. Almannavarnarnefndin leggur áherslu á að íbúar haldi sig innan-dyra og fylgist með tilkynningum hennar, en Veðurstofan spáir vondu veðri auk þess sem aðstæður á svæðinu eru mjög slæmar. Nefndin ætlaði næst að meta aðstæður nú í morgun. -at



BRENNUR HEIMSÓTTAR Á NÝJU ÁRI Fjöldi fólks kom saman við brennur á nýársdag, eins og þessir brennugestir í Gufunesi, eftir að þeim var víða aflýst á gamlárskvöld vegna veðurs. Sumir kveiktu í stjörnuljósum til að heilsa nýja árinu. Kveikt var í síðustu brennunum í gær, þar á meðal á Ísafirði. Haukar í Hafnarfirði ætla þó að geyma brennu sína alveg til þrettándans.

Skaðabótakrafa vegna verðsamráðs olíufélaganna:

Útgerðin krefst bóta

VERÐSAMRÁÐ Stjórn Landssambands íslenskra útvegsmanna hefur farið fram á viðræður við olíufélagin um skaðabætur vegna verðsamráðs þeirra. Þetta var ákveðið á fundi stjórnarinnar í nýliðnum mánuði þar sem álit lögfræðings á möguleikum útgerðarmanna á skaðabótum var lagt fram. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ, segir að samkvæmt álitinu geti útgerðirnar farið í skaðabótamál telji þær sig geta sýnt fram á að hafa orðið fyrir tjóni vegna samráðsins. Einnig komi þar fram að for-dæmi séu fyrir því að svipuð mál

hafi verið dæmd að álitum, það er eftir mati á tjóninu. Friðrik segist vona að viðræður við olíufélagin hefjist á næstu viku. Þá komi í ljós hvort þau séu tilbúin til að ljúka málinu með samkomulagi. Það sé ósk útvegsmanna. Ef það gangi ekki verði þeir hins vegar að skoða næsta skref. Útgerðarfélag eru líklega stærstu viðskiptavinir olíufélaganna og hefur LIÚ um árabíl gagnrýnt verðlagningu á skipaolíu og talið verð á henni óeðlilega hátt í samanburði við verð í nágrannalöndunum. Félagin hafa því reynt að knýja fram lækkan, meðal annars með því að versla við norska

olíufélagið Statoil. Fram kemur í niðurstöðu samkeppnisráðs að íslensku olíufélagin þrjú hafi þvingað Statoil til að hækka olíuverð til íslenskra skipa í Færeyjum svo þau hættu að kaupa olíu þar. Friðrik J. Arngrímsson hefur sagt ljóst að útvegsmenn hafi tapað miklum fjármunum á samráði olíufélaganna. Í samtali við Sjónvarpið í haust sagði hann að verðsamráð olíufélaganna eins og það birtist í niðurstöðu samkeppnisráðs virtist á köflum reyfarakennt og sér fyndist málið sorglegt. Olíufélagin þyrftu því að reyna að byggja upp traust viðskiptavina sinna að nýju. - ghg

Eldur í Mosfellsbæ: Tveir sluppu ómeiddir

BRUNI Eldur kviknaði í íbúðarhúsnæði í Krókkabyggð 14 í Mosfellsbæ í gær. Þegar Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins var gert viðvart sendu allar stöðvar lið á staðinn. Mikill eldur var í herbergi á efri hæðinni en húsið er tvílyft parhús. Tveir íbúar voru úti þegar slökkvilið bar að en læknir slökkviliðs sendi þá á slysadeild á Landspítala - háskólasjúkrahúsi til athugunar. Hélt hann að íbúarnir, tveir ungrir piltar, væru með snert af reykeitrun en hún reyndist ekki alvarleg. Vel tókst að slökkva eldinn og lauk slökkvistarfi um hálfsexleystið. Einn bíll var þó eftir á vettvangi og var húsið vakt að eitthvað fram eftir kvöldi. Óvíst er um eldsupptök og er málið í rannsókn hjá slökkviliðinu. -lkg

ATLANTSSKIP

Sunnudagar

Esbjerg / Danmörk

591 3000



Guðmundur, sprengdirðu margá kinnverja um áramótin?

„Ég sprengdi slatta.“

Guðmundur Gunnarsson er formaður Rafiðnaðarsambands Íslands. Impreglio hefur sótt um atvinnuleyfi fyrir 150 Kinnverja og hefur sambandið lagst gegn komu þeirra.

Neyðaraðstoð í Tailandi: Íslendingar aðstoða Svía heim

HJÁLPARSTARF Boeing 757-vél frá Flugleiðumi lagði af stað til Tailandis í gær með á annan tug lækna og hjúkrunarfræðinga innan borðs sem munu koma til hjálpar Svíum sem á að flytja af hamfarasvæðinu.

Hinn 30. desember bauð Halldór Ásgrímsson Göran Persson, forsætisráðherra Svía, aðstoð Íslendinga vegna náttúruhamfaranna í Asíu. Sænsk stjórnvöld þáðu aðstoðina á nýársdag og í kjölfarið var sett saman teymi hjálparstarfsmanna sem hélt utan í gær. Með í för eru tólf hjúkrunarfræðingar, sex læknar, tveir menn frá Slysavarnafélaginu

Landsbjörg og tveir frá slökkviliðinu.

Vélin mun hafa stutta viðdvöl í Tailandi á meðan hjálpargögn eru flutt frá borði og sjúklingar um borð. Íslenska hjúkrunarfólkið og lækarnir munu annast sjúklingana á leið til Svíþjóðar, en verða ekki eftir í Tailandi. Vélin mun lenda í Svíþjóð hinn 4. janúar en ekki liggur fyrir hvort gert er ráð fyrir fleiri ferðum af þessu tagi. ■

BROTTFÖRIN UNDIRBÚIN

Hjálparveit skáta í Kópavogi undirbý brottförina til Tailandis. Tveir starfsmenn Landsbjargar eru með í för.



Seltjarnarnes og OR: Ljósleiðarar í öll hús

LJÓSLEIÐARI Seltjarnarnesbær og Orkuveita Reykjavíkur hafa undirritað samning þar sem gert er ráð fyrir að ljósleiðaratenging frá OR verði í öllum húsum á Seltjarnarnesi um mitt ár 2006.

„Með aðild bæjarins að málinu teljum við okkur vera að stuðla að auknum lífsgæðum íbúanna,“ segir Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi. „Reynsla frá Norðurlöndum sýnir að ljósleiðaratenging er að skila þriggja til fimm prósentu hærri fasteignaverði.“

- at

Flóðin í Srí Lanka: Tólf þúsund börn látin

SRÍ LANKA, AP Starfsmenn barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna segja að sorgmæddir foreldrar safnist við stendur Srí Lanka á morgnana í von um að finna börn sín sem flóðbylgjan hreif með sér fyrir viku og skolaði út á haf. Sumir lífa í voninni um að finna börn sín enn á lífi.

Af þeim 30 þúsund sem hafa látist í hamförum á Srí Lanka eru tólf þúsund börn. Foreldrar flakka um flóttamannabúðir í von um að finna börn sín og hafa oft litlar vísbendingar um hvort þau séu á lífi eða ekki. Víða eru börn grafin í fjöldagröfum án vitneskju foreldra þeirra. ■



HLÚÐ AÐ FERÐAMÖNNUM

Forsætisráðherra Tailandis spjallar við erlenda ferðamenn á Phuket-eyju.

Óánægja í Tailandi:

Ferðamenn fá hjálpinu

LONDON Þær raddir gerast háværari á Tailandi að erlendir ferðamenn fá betri aðhlyningu en innfæddir í kjölfar flóðbylgjunnar sem reið yfir landið. Þetta kemur fram í breska tímaritinu Guardian.

Surin Cootham slasaðist þegar flóðbylgjan gekk á land og hefur ekki getað gengið í kjölfarið. Hann segist enga læknaaðstoð hafa fengið og býr í tjaldbúðum ásamt börnum sínum. Hann segir stjórnvöld gera það að forgangsverkefni að koma ríkum ferðamönnum til hjálpar frekar en innfæddum. ■



FRÁ SÚMÖTRU

Súmatra varð verst úti og þurfti að þola bæði jarðskjálftann og flóðbylgjuna. Talið er að allt að hundrað þúsund manns hafi farist þar.

Fleiri finnast varla

Rúmri viku eftir að flóðbylgjan gekk á land við Indlandshaf eru 150 þúsund látnir og þúsunda enn saknað. Ólíklegt er að fleiri muni finnast á lífi og hjálparveitir hætta senn að leita. Neyðargögn eru farin að berast á flesta staði.

MEULABOH, AP Hjálparveitir munu brátt hætta að leita að eftirlifendum á hamfarasvæðunum við Indlandshaf, en litlar líkur eru á að fleiri finnist á lífi. Nú er talið að um 150 þúsund manns hafi farist í hörmungunum sem dundu yfir á annan í jolum. Á indónesísku eyjunni Súmötru hefur enginn fundist á lífi í þrjá daga, en talið er að allt að því hundrað þúsund manns hafi farist þar. Fólk sem saknar ástvina sinna hefur þó ekki gefið upp alla von og leitar að þeim logandi ljósi.

Hjálparveitir hafa einbeitt sér að því að koma neyðargögnum til eyjarskeggja á Súmötru, þar sem áhrif jarðskjálftans sem olli flóðbylgjunni voru mest.

Bandarískar þyrlur sveima yfir eyjunni og koma vatni, kexi og núðlum til íbúa, sem eru flestir á vergangi. Stjórnvöld í Indónesíu og Tailandi hafa gripið til þess ráðs að nota fíla til að hreinsa rústirnar sem flóðbylgjan skildi eftir sig.

Neyðargögn eru loks farin að skila sér til fórnarlamba skjálftans allt um Indlandshaf. Að sögn hjálparveita er fólk orðið örverntingarfyllt eftir aðstoð og er keppt við að koma neyðargögnum til þeirra sem urðu verst úti áður en það er um seinan. Sums staðar fetar fólk framhjá líkum fólks á niðurníddum heimilum þeirra til að verða sér úti um helstu eldhúsahöld. Á Andaman-

og Nicobar-eyjum í Indlandi kvarta innfæddir yfir að hafa enn ekki fengið nein neyðargögn en herskip kom að eyjaklasanum í gær með gögn og veitti vonarglætu.

Sums staðar er fólk farið að líta til framtíðar. Starfsmaður barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna segir að flóttamenn vilji koma börnum sínum aftur í skóla sem fyrst og munu samtökin starfrækja um 600 skóla fyrir um 120 þúsund börn á Súmötru.

Heilbrigðisvörð hafa áhyggjur af farsóttum þegar á liður en enn sem komið er hefur ekki bólað á þeim. Það er þó forgangsverkefni að koma hreinu vatni til fórnarlamba flóðanna. ■

Fyrirverandi formaður Sjálfsbjargar: Ekki metin að verðleikum

ÍPRÓTTIR „Ég tel engan vafa leika á því að Kristín Rós Hákonardóttir hefur verið besta ípróttamanskja landsins síðastliðin ár,“ segir Arnór Pétursson, fyrirverandi formaður Sjálfsbjargar, sem er afar ósáttur við kjör á ípróttamanni ársins.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hlaut Eíður Smári Guðjohnsen nafnbótina en Kristín Rós hafnaði í fjórða sæti.

„Kristín Rós hefur unnið allt sem hægt er að vinna og er eini Íslendingurinn sem hefur komið heim með gull af Ólympíuleikum,“ segir Arnór. „Ég skil því ekki hvers vegna gengið er framhjá henni ár eftir ár. Hennar mikli árangur er ekki metinn að verðleikum.“

Arnór segist í framhaldi af vali á ípróttamanni ársins velja því fyrir sér hvað fatlaðir ípróttamenn þurfi að afreka til þess að vera kjörnir ípróttamenn ársins. ■

Gabbpóstur í Bretlandi: Sagði ættingja látna

LONDON, AP Breska lögreglan handtók í gær fertugan mann fyrir að senda aðstandendum fólks sem er saknað á flóðasvæðunum í Asíu falsaðar upplýsingar um að ástvinir þeirra væru látnir. Maðurinn sendi tölvupóst í nafni bresku ríkisstjórnarinnar til þeirra sem lögðu fram fyrirspurnir um ættingja sína og vini á vefsíðu Skyfréttastofunnar.

Breska ríkisstjórnin segist líta málið alvarlegum augum og fullvissar aðstandendum þeirra sem er saknað að hún myndi aldrei tilkynna lát ættingja þeirra eða vina með tölvupósti. ■

Tónlistarskólakennarar og hljómlistarmenn skrifa undir kjarasamning:

Kerfisbreytingar verði skoðaðar

KJARASAMNINGAR Félög tónlistarskólakennara og íslenskra hljómlistarmanna hafa skrifað undir kjarasamning. Samningurinn verður borinn undir atkvæði félagsmanna og Launanevndar sveitarfélaganna nú í janúar en samningar tókust að kvöldi fimmtudagsins 30. desember.

Samningurinn felur í sér ákveðnar launabreytingar auk þess sem gert er ráð fyrir að hugsanlegar kerfisbreytingar verði skoðaðar á samningstímanum. Samningurinn gildir til loka september árið 2006.

„Það eru ákveðin líkindi með samningi leikskólakennara og þessum samningi,“ segir Birgir Björn Sigurjónsson, formaður samninganevndar sveitarfélaga. „Þetta er styttri samningur en flestir aðrir auk þess sem launin eru í svipuðum farvegi og samn-



FRÉTTABLAÐIÐ/ÉÓL

TÓNLISTARNEMENDUR

Félög tónlistarskólakennara og hljómlistarmanna hafa skrifað undir kjarasamning til tæpra tveggja ára. Greidd verða atkvæði um samninginn í þessum mánuði.

ingur leikskólakennara gerir ráð fyrir.“

Sigrún Grendal, formaður Félags tónlistarskólakennara, segist telja samninginn nokkuð góðan kost fyrir félagsmenn sína. „Við gerðum stuttan samning en

honum fylgja bókanir um að unnið verði að hlutum sem taka lengri tíma,“ segir Sigrún. „Við vonumst því til að á samningstímanum náum við að vinna vel í haginn fyrir næstu samningalotu.“

- ht



HJÁLPUM FÓRNARLÖMBUM FLÓÐANNA Í ASÍU

Söfnunarsíminn er 907 2020

Með því að hringja í söfnunarsímann leggur þú fram 1.000 kr. til hjálparstarfsins í Asíu. Einnig er hægt að leggja fram fé með kreditkorti á www.redcross.is, eða millifærslu á bankareikning 1151-26-000012, kt. 530269-2649.

spron
kostar birtingu auglýsingarinnar

Rauði kross Íslands
www.redcross.is



Endurheimtu fataskápin

Á nýju ári er gott að hefja nýjan og heilbrigðan lífsstíl. Þú getur komið þér í form og endurheimt fataskápin þinn með því að borða hollan mat og hreyfa þig reglulega. Fáðu þér skál af brakandi Special K á morgnana eða á öðrum tímum dagsins. Þú, og engin nema þú, getur stjórnað ástandi líkama þíns og líðan. Þú getur þetta!

Special K er með þér alla leið í heilsuátaki til framtíðar.



Áttu von á að fjárhagur þinn vænkist á nýju ári?

Niðurstöður gær dagsins á visir.is
Já 51%
Nei 49%

Spurning dagsins í dag: Stundar þú líkamsrækt?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Sextán fengu heiðursmerki

ORÐUVEITING Sextán Íslendingar hlutu heiðursmerki hinnar íslensku fálkorðu nú í ár. Forseti Íslands sæmdi þá orðunni að venju á nýársdag.

Stórriddarakross fyrir störf í opinbera þágu fengu þau Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar, og Valgerður Sverrisdóttir ráðherra.

Riddarakross hlutu Ásmundur Jónsson framkvæmdastjóri fyrir framlag til nýsköpunar á sviði tónlistar, séra Auður Eir Vilhjálmssdóttir fyrir störf í þágu trúar og kirkju, Birgir D. Sveinsson kennari fyrir störf í þágu tónlistar, Björgólfur Guð-

mundsson athafnamaður fyrir framlag til viðskiptalífs og menningar, Edda Heiðrún Backman leikkona fyrir störf í þágu íslenskrar leiklistar, Eiríkur Smith listmálari fyrir myndlistarstörf, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri fyrir störf í þágu sveitarstjórna og byggðamála, María Th. Jónsdóttir, formaður Félags aðstandenda Alzheimerssjúkra, fyrir störf í þágu velferðar og málefna minnissjúkra, Már Sigurðsson ferðamálafrömuður fyrir frumkvæði í uppbyggingu ferðaþjónustu, Ragnar Bjarnason söngvari fyrir framlag til ís-

lenskrar tónlistar, Sigurður Björnsson yfirlæknir fyrir störf í þágu krabbameinslækninga, Sigurveig Guðmundsdóttir, fyrrverandi kennari, fyrir störf í þágu mennta- og félagsmála, dr. Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor fyrir vísindastörf og Órlygur Kristfinnsson safnstjóri fyrir framlag til uppbyggingar Síldarminjasafnsins.

AD LOKINNI ORÐUVEITINGU Jón Helgason, fyrrverandi ráðherra, óskar Ragnarí Bjarnasyni til hamingju með orðuna.



Deila með íslenska hliðstæðu

KJARAMÁL Starfsgreinasamband Íslands fagnar niðurstöðu sænska vinnudómstólsins um launakjör lettneskra verkamanna í Svíþjóð. Í málinu taldi lettneskt verktakafyrirtæki þvingunaraðgerðir sænska byggingasambandsins ólögmatar, en sambandið greip til þeirra þegar fyrirtækið neitaði að fara eftir sænskum kjarasamningum. Vinnudómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að sænskir kjarasamningar hefðu fullt gildi gagnvart erlendum verktökum.

SGS telur að þessi deila sé hliðstæð þeirri sem ASÍ á í við ítalska verktakafyrirtækið Impregilo og að niðurstaða dómstólsins sé mikilvæg og leiðbeinandi fyrir leikreglur á íslenskum vinnumarkaði.

Nítján létust í bílsprengju

BAGDAD, AP Alls létust 27 í árásum andspyrnumanna í Írak í gær, þar af nítján þegar bílsprengja sprakk í norðurhluta Bagdad. Allir nema einn þeirra sem létust voru í írösku öryggissveitunum. Sprengjan sprakk þegar bíllinn var skammt frá bæktistöð bandaríska hersins. Á öðrum stað í borginni dóu fimm lögreglumenn í sprengjuárás.

Bandarískum hermönnum hefur verið fjölgað mjög í borginni Mosul þar sem árásir hafa aukist eftir því sem nær dregur kosningum síðar í mánuðinum. Bandaríkjamenn segja að kosningunum verði ekki slegið á frest þrátt fyrir stigvaxandi ofbeldi.



LEITAR EIGINKONU SINNAR Carl Michael Bergman frá Svíþjóð hefur leit að eiginkonu sinnar í Taílandi án árangurs frá því flóðbylgja skall á hóteli hennar fyrir viku. Átján mánaða syni þeirra var bjargað.

Nöfnin birt í fjölmiðlum

Birting lista nafna fólks sem er saknað ber árangur á Norðurlöndum. Þjóðarsorg hefur verið um helgina í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi vegna hamfaranna í Asíu.

NORÐURLÖND Þjóðarsorg var í Danmörku í gær og víða flaggað í hálfu stöng vegna náttúruhamfaranna í Asíu á annan í jólum, þar sem hundraða Dana er enn saknað. Þjóðarsorg var í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð á nýársdag.

Vonir dvína hratt um að finna megi þá norrænu ríkisborgara sem enn er saknað.

„Þetta hefur verið eins og löng martröð,“ sagði Erik Normann Svendsen, biskup í Danmörku, í ræðu sem hann flutti á minningarathöfn í Vorrar frúar kirkju í Kapmannahöfn í gær.

Minningarathöfnina sóttu danskir ráðamenn og konungsfjölskyldan, þar á meðal Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra og Margrét drottning.

Yfirvöld í Danmörku, Noregi og Finnlandi hafa tekið þá ákvörðun

að birta í fjölmiðlum lista með nöfnum þeirra sem enn er saknað, í þeirri von að upplýsingar berist um einhverja á listanum.

Í Danmörku var í gær birtur listi nafna 268 af alls 387 manns, sem saknað var frá hamfarasvæðunum í Asíu. Fjórum tímum síðar var hægt að strika 140 manns út af þessum lista vegna ábendinga sem bárust lögreglunni í kjölfar birtingarinnar.

Einnig hafði verið birtur í Finnlandi listi yfir 193 finnskra ríkisborgara, sem saknað var. Staðfest var að fimmm Finnar fórust í hamförunum.

Meira en 400 Norðmanna er enn saknað og byggst norska lögreglan birta í fjölmiðlum í dag lista yfir alla Norðmenn sem enn er óvíst um. Nú þegar er vitað um 21 Norðmann sem lét lífið í hamförunum.

Sænsk stjórnvöld skýrðu frá því í gær að 2.915 Svía væri enn saknað á hamfarasvæðunum í Asíu. Staðfest var að 52 Svíar höfðu látist, en fastlega var reiknað með því að sú tala myndi hækka verulega.

Í gær komu síðustu sænsku ferðamennirnir heim til Svíþjóðar frá hamfarasvæðunum í Taílandi, að undanskildum 50 Svíum sem enn liggja á sjúkrahúsi í Bangkok. Þeir komast líklega til heimkynna sinna á morgun.

Í gær var lokið við að flytja heim til Finnlands nær alla þá 3.000 finnsku ferðamenn sem staddir voru á Taílandi, í Indónesíu eða á Sri Lanka þegar jarðskjálftinn mikli og flóðbylgjan riðu yfir. Finnsla flugfélagið Finnair hafði séð um heimflutninginn, sem hófst á mánudag í síðustu viku.

Bitinn í hálsinn

LÍKAMSÁRÁS Leigubílstjóri var bitinn í hálsinn af farþega í miðbæ Reykjavíkur á þriðja tímanum aðfaranótt sunnudags. Þegar komið var á leiðarenda upphófst rifrildi um ökugjald milli farþega og leigubílstjóra og endaði það með því að farþeginn beit leigubílstjórann í hálsinn þannig að húðflípi losnaði frá hálsi hans. Farþeginn fékk að gista fangageymslu lögreglunnar um nóttina og var yfirheyrður næsta dag. Samkvæmt lögreglunni í Reykjavík var árasarmaðurinn ölvaður.



AKUREYRI Þaðan er farið með sjúkraflug fyrir Norðurland og Norðausturland.

Sjúkraflug aukið

SJÚKRAFLUG Þrjú hundruð sjúkraflug voru farin frá Akureyri á síðasta ári. Árið þar á undan voru þau 271. „Við sjáum um sjúkraflug frá Norður- og Norðausturlandi,“ segir Erling Þór Júlíusson slökkviliðsstjóri, en einnig er flogið með sjúkraflug frá Ísafirði og Vestmannaeyjum.

Slökkviliðið á Akureyri vinnur að samhæfingu verklags með starfsmönnum Flugfélags Íslands og læknum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Þessi vaxandi fjöldi sjúkrafluga er því orðinn stór hluti daglegra starfa slökkviliðsmannanna.

Advertisement for Fiskbúðin VEGAMÓT. Includes text: 'Glæný Línu ýsa', 'FISKBÚÐIN VEGAMÓT', 'NESVEGUR 100 · SELTJARNARNES', 'ARNARBAKKA 4-6 · BREIÐHOLTI', 'www.fiskbudin.is'

Weather forecast section titled 'Veðrið'. Includes maps for 'Í dag' and 'Á morgun' showing temperature and precipitation across Iceland. Lists temperatures for major cities like Kaupmannahöfn, London, Paris, Frankfurt, Prag, Amsterdam, Róm, Torrevieja, Dublin, New York, and Miami.



Alcoa Fjarðaál

Nýtt álver í Fjarðabyggð tekur formlega til starfa í apríl 2007 en undirbúningur er þegar vel á veg kominn.

Alcoa Fjarðaál þakkar samstarfsaðilum sínum, íbúum á Austurlandi og landsmönnum öllum samvinnuna á undanförunum árum og óskar ykkur gleðilegs og farsæls nýárs.

Á árinu 2005

Iýkur flutningi á 3.000.000 rúmmetra af jarðvegi.

Þá hefst steypuvinna við gólf tveggja kerskála sem hvor um sig verður um 1,1 km að lengd.

Einnig verður byrjað á uppsetningu framleiðslutækja og samfara því verður hafist handa við að leggja meira en 1.000.000 metra af vír og kapli.

Á komandi ári verður 400 forsteyptum einingum komið fyrir ásamt 600 af þeim 25.000 tonnum af burðarvirkjastáli sem mun fara í byggingu verksmiðjunnar.

Alls er reiknað með að 300.000 fermetrar af klæðningu og 35.000 metrar af pípulögnum fari í álverið og verður byrjað að vinna með hluta af þessu efni á árinu.

Hafnarsjóður Fjarðabyggðar mun ennfremur hafa 100 metra langan hafnarbakka, af endanlegum 400 metrum, tilbúinn til uppskipunar á vörum og efni til byggingarframkvæmdanna.

Reiknað er með að heildarfjöldi vinnustunda við álversframkvæmdirnar verði um 6.000.000 en í árslok verður um 1.000.000 vinnustundum lokið.

Um 700 manns munu starfa við byggingarframkvæmdirnar þegar mest verður um að vera árið 2005 en á hámarki byggingartímans árið 2006 verða um 1.500 manns að störfum við framkvæmdirnar.



1 Hvað heitir fyrrverandi aðstoðarforstjóri Íslandsbanka sem rekinn var úr starfi eftir deilur við Bjarna Ármannsson, forstjóra bankans?

2 Hversu margir heilbrigðisstarfsmenn fóru með vél Flugleiða til hamfarsvæðanna í Suðaustur-Asíu?

3 Hverjir fengu stórriddarakross hinnar íslensku fálkaorðu?

Svörin eru á bls. 30

Eldri borgarar á Ísafirði óánægðir með gjaldtöku fyrir þvott á fatnaði:

Niðurlæging fyrir gamla fólkið

HEILBRIGÐISMÁL „Það er mikil niðurlæging fyrir gamla fólkið að þurfa að fara með fötin sín í poka til ættingja sinna,“ segir Jón Fannal Þórðarson, formaður Félags eldri borgara á Ísafirði.

Aldraðir Ísfirðingar eru ósáttir við ákvörðun stjórnenda Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar um að taka 5.500 króna gjald af vistmönnum öldrunardeildar sjúkrahússins fyrir þvott á einkafatnaði. Mun gjaldtakan gilda frá og með áramótum, að því er fram kemur á vef Bæjarins besta á Ísafirði.

Þvottahúsi sjúkrahússins var lokað í sumar og tók efnalaug þá



við þvottunum. Sjúkrahúsið hefur greitt fyrir þvott á fatnaði vistmannanna, sem eru um fimmtán talsins, þar til nú.

„Þetta er að sjálfsögðu spurning um peninga þar sem þetta fólk á enga peninga,“ segir Jón og bætir við að vistmenn deildarinnar hafi einungis um 11.000 krónur í vasapeninga á mánuði. „Þetta eru litlar upphæðir sem skipta engu máli fyrir sjúkrahúsið en miklu máli fyrir gamla fólkið.“

JÓN FANNAL ÞÓRÐARSON

Formaður Félags eldri borgara á Ísafirði er ósáttur við fyrirhugaða gjaldtöku fyrir þvott á fatnaði vistmanna öldrunardeildar Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðar.

Starfsmenn flugfélags:

Fengu skömm í hattinn

WASHINGTON, AFP Harðorð skilaboð til starfsmanna bandarískis flugfélags sem tilkynntu veikindi yfir jólin voru spiluð bæði í útvarpi og sjónvarpi í Bandaríkjunum.

„Þeir sem kusu að misnota sér veikindaréttindi sín hafa brugðist samstarfsmönnum sínum og viðskiptavinum okkar,“ var meðal þess sem sagði í skilaboðunum.

Óvenju margir starfsmenn boðuðu veikindaförföll yfir jólin, að sögn talsmanns fyrirtækisins. Auk þess myndaðist ringulreið vegna slæms veðurs og hruns tölvukerfis fyrirtækisins. ■



BORGARSTJÓRN

Sjö nýjar nefndir voru kosnar á borgarstjórnarfundi fyrir jól.

Reykjavíkurborg:

Nýir formenn

STJÓRN MÁL Borgarstjórn Reykjavíkur kaus á fundi sínum skömmu fyrir áramót í nýjar nefndir Reykjavíkurborgar sem taka munu til starfa um áramót í samræmi við stjórnkerfisbreytingar sem nú er unnið að hjá Reykjavíkurborg. Formenn nefndanna hafa verið kosnir. Anna Kristinsdóttir verður formaður framkvæmdaráðs og Íþrótt- og tólmundaráðs; Stefán Jón Hafstein, verður formaður menningar- og ferðamálaráðs og menntamálanefndar; Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs; Árni Þór Sigurðsson formaður umhverfisráðs, og Björk Vilhelmsdóttir formaður velferðaráðs. - ás

MIÐ-AUSTURLÖND

BANDARÍKIN GAGNRÝNA SÝRLAND Bandaríkjamenn gagnrýna sýrlensk stjórnvöld fyrir að gæta landamæraanna við Írak ekki nógu vel og því eigi andspyrnumenn auðvelt með að komast á milli landanna. Stjórnvöld í Sýrlandi hafna þessum ásökunum og segja Bandaríkjamenn ekki hafa nein haldbær rök fyrir þeim.

Almenningur móti nýja stjórnarskrá

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði í áramótaávarpi að stjórnarskrár-breytingar væru „verkefni okkar allra“. Forseti Íslands tilkynnti stofnun menntaverðlauna í nýjarsávarpi sínu og sagði kennaraverkfall ekki mega endurtaka sig.

ARAMÓTAÁVÖRP Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hvatti í fyrsta ávarpi sínu til þjóðarinnar eftir að hann varð forsætisráðherra til þess að sem flestir kæmu að breytingum á stjórnarskránni. Búist er við að stjórnarskrárnefnd þingflokkaanna verði skipuð á allra næstu dögum en Halldór boðaði að kallað yrði eftir sjónarmiðum almennings við samningu nýrrar stjórnarskrár: „Þetta er sameiginlegt verkefni okkar allra og niðurstaðan á að endurspegla þjóðarvilja. Því er brýnt að sjónarmið sem flestra komist að við þessa mikilvægu vinnu. Í alþingiskosningum 2007, þegar kosið verður um stjórnarskrár-breytingarnar, eiga sem flestir að geta sagt: Ég hef tekið þátt í að ræða og móta stjórnarskrána.“

Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, segir að stofnuð verði heimasíða og tölvu- og samskiptatækni virkjuð til að auðvelda fólki að kynna sér starf stjórnarskrárnefndar og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Halldór Ásgrímsson skýrði einnig frá því að hann hefði sett af stað vinnu til að meta stöðu ís-



FJÓLSKYLDA, MENNTUN OG STJÓRNARSKRÁ

Forsætisráðherra ræddi um mikilvægi fjölskyldunnar í áramótaávarpi sínu. Forsetanum voru börnin einnig kær og talaði hann um menntun þeirra og kennaraverkfallið.

lensku fjölskyldunnar: „Það er ekki að ástæðulausu því ýmis teikn eru á lofti um að gömul og gróin fjölskyldugildi séu á undanhaldi með óæskilegum afleiðingum ... Við vitum að börn þarfnast umhyggju foreldra sinna og tíma fyrir leik og samræðu. Nútímaþjóðfélagið hefur breytt lífsmynstrinu og í kjölfarið hafa samverustundir fjölskyldunnar tekið breytingum.“

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lagði áherslu á gildi menntunar í nýjarsávarpi sínu til íslensku þjóðarinnar og skýrði frá því að hann hefði ákveðið að stofna til menntaverðlauna en nú þegar eru afhent útflutnings- og

bókmenntaverðlaun sem eru kennd við forsetaembættið: „Það dugir þó skammt að mæla fagurt um gildi menntunar í hátíðaræðum; við verðum að sýna í verki að þjóðin hafi einbeittan vilja í þessum efnunum. Það má aldrei aftur henda að fyrstu kynni barna af skólasterfi sé iðjuleysi mánuðum saman vegna deilna þeirra sem ábyrgð bera. Við verðum að skapa... þjóðarsamstöðu um úrvalsskóla, skóla sem eru úrval vegna gæða, aðgangsins sem er öllum opin, jafnréttisins sem þar ræður ríkjum, úrvalsskóla sem mismuna í engu vegna efnahags foreldranna.“ - ás

Stjórnarskrárnefnd:

Geir, Birgir og Þorsteinn

STJÓRN MÁL Geir H. Haarde fjármálaráðherra, Þorsteinn Pálsson sendiherra og Birgir Ármannsson alþingismaður verða fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnarskrárnefnd sem Halldór Ásgrímsson skipar á næstunni. Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, skýrði frá þessu í sjónvarpsþættinum Kryddisild á Stöð 2. Formenn stjórnarandstöðuflokkaanna, Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon og Guðjón Arnar Kristjánsson, verða í nefndinni. Ekki hefur verið ákveðið hver verður annar fulltrúi Samfylkingarinnar og forsætisráðherra hefur ekki skýrt frá hverjir tveir fulltrúar flokksins verða en annar þeirra verður formaður. ■

Aðsókn að Konukoti:

Dræmari en búist var við

ATHVARF Aðsókn að Konukoti, athvarfi fyrir heimilislausar konur í Reykjavík, var dræmari en við hafði verið búist yfir jólahátíðina, að sögn Brynhildar Bárðardóttur verkefnisstjóra hjá Reykjavíkurborg. Hún sagði að mest hefðu dvalið 3-4 konur nætur langt í athvarfinu, sem var opið allan sólarhringinn yfir jólahátíðina.

Mikið hefði verið um að konurnar kæmu og færu eftir að hafa staldrað við um stund. Fimm konur hefðu verið samtímis í athvarfinu þegar flest var. - jss

MIÐ-AUSTURLÖND

ABBAS HVETUR TIL STILLINGAR Mahmoud Abbas, forsetaframbjóðandi í Palestínu, hvatti landa sína til að hætta að skjóta flugskeytum á Ísraelsmenn eftir að ísraelskir skriðdrekar voru sendir á Gaza-strönd til að bregðast við flugskeytarásam. Kosningar í Palestínu eiga að fara fram í seinni hluta janúar.



Undarlegt fiskeldi við Húsavík:

Búrfiskar í baðlóni

DÝRALÍF Fiskar af erlendum uppruna, sem algengir eru í fiskabúrum á Íslandi, virðast lifa góðu lífi og fjölga sér ört í baðlóni við Kaldbak sunnan Húsavíkur. Á huldu er hvernig þeir komust í lónið en getgátur eru um að einhver á Húsavík hafi sleppt þeim þar í tilraunaskyni.

Fuglaáhugamaðurinn Gaukur Hjartarson tilkynnti Náttúrustofu Norðausturlands um fiskana síðastliðið haust. Í ljós kom að um var að ræða fangasiklíður, *Cichlasoma nigrofasciatum*, en kjörhiti

slíkra fiska er talinn vera 24°C. Lengstir verða þeir 12 sentimetrar en litasamsetning þeirra minnir á fangabúninga fyrr á tímum.

Gaukur segir að erfitt sé að átta sig á fjölda fiska í lóninu í svartasta skammdeginu en í haust hafi þeir örugglega skipt hundruðum; jafnvel þúsundum. „Kælivatn frá orkustöð Orkuveitu Húsavíkur rennur í lónið og er það um 20 gráðu heitt yfir vetrarmánuðina en allt að 30 gráður yfir sumarmánuðina. Miðað við fuglalíf á lóninu um jólin virðist enn



FANGASIKLÍÐUR Eða CICHLASOMA NIGROFASCIATUM

Ekki er vitað hver sleppti þeim í baðlónið en nokkrir Húsavíkingar liggja undir grun.

vera töluvert af þessum búrfiskum í lóninu og gæða fuglarnir sér á þeim,“ segir Gaukur.

kk@frettabladid.is

Vínardansleikur

á Hótel Örk

Fjáröflunardansleikur
Zontaklúbbs Selfoss til styrktar
Geðhjálp á Suðurlandi 8. janúar 2005

Dansleikurinn hefst klukkan 19.00 með fordrykk.
Glæsilegur fimm rétta hátíðarkvöldverður.
Dansleikur með hljómsveit hússins til 03.00.

Veislustjóri: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Einsöngvari: Guðrún Ingimarsdóttir.

Undirleikur: Anna Guðný Guðmundsdóttir

Einleikur á fíðlu: Sigrún Eðvaldsdóttir

Hljómsveit:

Veislufríðóð ásamt Sigrúni Eðvaldsdóttur
spilar milli 20.00 og 24.00.

Matseðill:

Humar og hörpuskilmús með ástríðualdinsósu og steinseljufraði.

Villisveppa cappuchino.

Vatnsmelónu carpaccio með ávaxtatartar og mintu.

Andabringa gljád með mandarínu og engifer,
framreidd með kryddsoðinni kartöflu og
seljurótarkremi ásamt apríkósupiparsósu og
ristuðum fennel.

Súkkalaðiturn á vanillugrunni með pistasíuhnetum.

Verð með gistingu: 10.100,- kr. á mann í tvíbýli.
Verð án gistingar: 6.800,- kr.

Pantanir í síma 483 4700, info@hotel-ork.is





LANDSNET



HVÍTA HÚSID / SÍA / LÖSMYND BIRT MED LEYFI NASÁ

NÝTT FYRIRTÆKI MEÐ BJARTA FRAMTÍÐ

Í ársbyrjun 2005 tekur nýtt fyrirtæki, Landsnet hf, til starfa á íslenskum raforkumarkaði. Hlutverk fyrirtækisins er að að reka flutningskerfi raforku, netið sem tengir saman framleiðendur og notendur. Áreiðanleiki og öryggi eru leiðarljós fyrirtækisins frá upphafi, enda snertir starfsemi þess hvern einasta Íslending.



Rekstur flutningskerfis

Flutningskerfi raforku nær til allra stærri virkjana landsins og tengir þær beint við stórnotendur í orkufrekum iðnaði, svo og dreifiveitur sem flytja hana áfram til notenda. Landsnet annast rekstur, viðhald og eftirlit með þessu viðamikla og mikilvæga kerfi.



Kerfisstjórn

Í stjórnstöð Landsnets er háþróaðri tækni beitt til að stýra flutningskerfinu og tryggja jafnvægi milli notkunar og framleiðslu. Þaðan er kerfinu í heild sinni stýrt með einhverjum öflugasta fjarstýribúnaði sem völ er á og tryggir örugga afhendingu orkunnar.



Orkumiðlun

Landsnet tengir saman framleiðendur og notendur raforku og auðveldar þannig viðskipti með raforku á fyrirtækjamarkaði og tryggir að allir hafi jafnan aðgang að flutningskerfinu.



AP MYND/RICHARD VOGEL

RAFMAJNI KOMIÐ Á
Tallenskir verkamenn vinna að því hördum höndum að lagfæra rafmagnslínur í Khao Lak í suðurhluta Taílands, en svæðið fór illa í flóðbylgjunni sem brast á á annan dag jóla á síðasta ári. Yfirvöld segja að enn sé leitað að fólki í rústunum á svæðinu, jafnt Taílandinga og útlendinga.

Stór hluti nýfæddra barna í Brasilíu án fæðingartottorðs:

Börnum synjað um skólavist

BRASILÍA. AP Fimmtungur þeirra barna sem fæddust í Brasilíu í fyrra hefur ekkert fæðingartottorð og eru þau þar með í raun ekki til, samkvæmt hinu opinbera.

Ný skýrsla leiðir í ljós að 21,6 prósent nýfæddra barna árið 2003 voru ekki opinberlega skráð. Það er örlítið minni fjöldi en árið 1993, þegar 23,4 prósent nýfæddra barna voru ekki skráð hjá hinu opinbera. Börnum sem ekki hafa fæðingartottorð er meinaður aðgangur að skólum og ýmsa opin-

bera þjónustu. Vegna þessa voru árið 1997 samþykkt lög sem kveða á um að foreldrar allra barna sem fæðast í landinu eigi að fá fæðingartottorð án þess að þurfa að greiða fyrir það. Mýmörg dæmi voru um að fátækir foreldrar skráðu ekki börnin sín vegna gjaldsins. Höfundar skýrslunnar telja að ástæðan fyrir því ástandið hafi lítið batnað og fjölmörg börn séu enn án fæðingartottorðs sé að foreldrar viti einfaldlega ekki að vottorðið fái á greiðslu. ■



BÖRN Í SKÓLA
Börnum í Brasilíu sem hafa ekki fæðingartottorð er synjað um skólavist og ýmsa aðra opinbera þjónustu.

Áramótin í Reykjavík: Skaut af haglabyssu

ÁRAMÓTIN Áramótin fóru vel fram í Reykjavík líft og um síðustu áramót. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík var talsverð ölvun á gamlárskvöld og margir á ferli. Eithvað var um rýskingar en allt minniháttar.

Um miðnætti á gamlárskvöld brenndist maður sem stóð yfir skottertu sem hann var að kveikja í á Skólavörðuholti, en meiðslin reyndust ekki alvarleg.

Lögreglan hafði afskipti af manni sem skaut af haglabyssu í íbúð í austurbæ Reykjavíkur á nýársnótt. Margir voru inni í íbúðinni en engan sakaði. Lögreglan lagði hald á haglabyssu og skot og færði manninn til yfirheyrslu. Þá voru tveir menn staðnir að verki við að brjóstast inn í hárgreiðslustofu í Austurbæ á nýársnótt. Annar var handtekinn á staðnum en hinn á flótta. ■

LÖGREGLUFRETTIR

SLYS Slys varð við áramótabrennu í Hveragerði um klukkan níu á gamlárskvöld, þegar ung stúlka datt aftur fyrir sig. Hún var flutt með sjúkrahúsi á Landspítala - háskólasjúkrahúsi í Fossvogi en samkvæmt lögreglunni á Selfossi varð hún ekki fyrir alvarlegum meiðslum.

Átta slasaðir eftir fikt

Augnslys á börnum koma upp á hverju ári. Í ár eru fjögur slysanna af átta talin alvarleg. Sérfræðingur í augnlækningum segir slysin eiga sér stað þegar drengir fiksi með flugelda og reyni að búa til öflugari sprengjur.

ÁRAMÓT Átta augnslys hafa orðið á börnum vegna flugeldasprenginga síðan 30. desember. María Soffía Gottfreðsdóttir, sérfræðingur í augnlækningum á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, segir nokkur tilvik koma upp á hverju ári þar sem börn brennist vegna flugelda. „Í ár eru fjögur af slysum nokkuð slæm, það síðasta í fyrrinótt þar sem leggja þurfti barn inn. Fjögur af slysum hafa hins vegar verið minniháttar þar sem börnin eru send heim eftir skoðun. Þetta eru allt drengir undir átján ára, nema einn sem er eldri,“ segir María en alvarlegustu slysin geta haft hræðilegar afleiðingar. „Sem betur fer missti enginn augað núna en kröftugustu sprengingarnar geta sprengt augað. Þá þurfa sjúklingar að gangast undir flóknar og oft endurteknar aðgerðir og getur farið svo að sjúklingur missi augað. Eitt barn um þessi áramót gekkst undir aðgerð og tvísýnt er með annað auga þess.“

Að sögn Maríu eiga slysin sér oft stað þegar börn eru að taka sundur sprengjur, safna púðri í rör og búa til kröftugari sprengjur. „Margir strákar fiksa með flugelda en flugeldar eru alls engin leikföng. Ekki verða öll slys þannig en



MARÍA SOFFÍA GOTTFREÐSDÓTTIR

„Það á alls ekki að taka flugelda í sundur heldur nota þá á réttan hátt og fara eftir leiðbeiningum. Það er aldrei of varlega farið.“

sú tilraunstarfsemi að búa til nýjar sprengjur er mjög varasöm. Það er afar sjaldgæft að stelpur séu að stunda þetta og slasast þær oftast sem áhorfendur.“

María segir ekki öll slys verða um sjálf áramótin heldur bæði fyrir og eftir og er verið að taka á móti sjúklingum nær allan janúarmánuð sökum flugeldasprenginga. „Ábyrgð foreldranna er mikil. Þeir

eiga að passa börnin sín, fylgjast með þeim og brýna fyrir þeim hættunum sem fylgja flugeldum. Það er mikilvægt að börn séu með hlífðargleraugu og hanska og skjóti bara upp flugeldum með foreldrum sínum. Það á alls ekki að taka flugelda í sundur heldur nota þá á réttan hátt og fara eftir leiðbeiningum. Það er aldrei of varlega farið.“ ■

Eldur á Ásólfstöðum: Allt ónýtt í vélageymslu

BRUNI Eldur kviknaði á bænum Ásólfstöðum í Gnúpverjahreppi í gær. Lögreglunni á Selfossi barst tilkynning um brunann klukkan 14.03 og fór allt tiltækt slökkvilið Gnúpverja og af Flúðum á staðinn ásamt lögreglu. Þegar lögregla kom á stað var mikill eldur í vélageymslu þar sem inni voru heyvél, dráttarvél, vélsleðar og ýmis verkfæri. Við hliðina á geymslunni stendur útihús þar sem á annan tug skepna var inni. Þegar lögregluna bar að garði var eldur kominn í þak útihússins en slökkvilið náði að slökkva þann eld og verja útihúsið.

Ílla tókst að ráða niðurlotum eldsins og náðist það ekki fyrr en seinni partinn í gær. Talið er að eldur hafi kviknað þegar verið var að gangsetja vélsleða í geymslunni. Allt í geymslunni eyðilagðist og er hún að grunni komin. ■

LÖGREGLUFRETTIR

ELDUR Eldur kviknaði í kerta-skreytingu í glugga í íbúð í Skipasundi á nýársdagsmorgun. Vegfarendur sáu eldinn og gerðu slökkvilið vart við. Vegfarendur sýndu snarræði, brutust inn í húsið og vöktu íbúa. Vel gekk að slökkva eldinn og að sögn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hefði getað farið verr.



Nýr opnunartími í verslun RV:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 8:00 til 18:00
Laugardaga frá
kl. 10:00 til 14:00

Bréfabindi

A4 8cm kjölur
A4 5cm kjölur

148.- m.vsk



Mopak ljósritunarpappír

500 blöð í bunti

278.- m.vsk



Töflutúss 2mm

4 lita sett

298.- m.vsk



LANDBÚNAÐARVÉLAR Á HÁLSUNUM

Fyrri eigendur Véla og þjónustu hf. reka nú fyrirtækið Vélaborg. KB banki hefur stofnað rekstrarfélag utan um þrotabúið og heldur einnig rekstri áfram.

Kröfufylsing í þrotabúið Vélar og þjónusta hf:

Kröfurnar nema ríflega milljarði

GJALDPROT Kröfur í þrotabúið Vélar og þjónusta hf. nema 1.200 til 1.300 milljónum króna.

Viðar Lúðvíksson, skiptastjóri Véla og þjónustu hf., segir kröfufyllingarfresti hafa lokið 24. nóvember. Fyrsti skiptafundur hafi verið 17. desember. Farið hafi verið yfir kröfufylsingar og skrá og stöðu búans með kröfuhöfum. Endanleg niðurstaða sé ekki ljós. Sumum kröfum hafi verið lýst tvisvar í þrotabúið.

„Það eru nokkrar milljónir í búinu og forgangskröfur greiddast

væntanlega að fullu og síðan eithvað upp í almennar kröfur,“ segir Viðar. Forgangskröfurnar nemi 20 til 30 milljónum.

Viðar segir að fjölda krafna hafi verið hafnað þar sem gögn og rökstuðning fyrir þeim vantaði. Ákvörðun skiptastjóra hafi í einhverjum tilfellum verið mótmælt og afstöðu eigi eftir að taka til þeirra. Greint hefur verið frá því að KB banki eigi um 65% allra krafna í búið. Viðar segir flestar kröfur bankans verðtryggðar.

- gag

Skrifstofuvörur á tilboði í janúar

Ljósritunarpappír, bréfabindi, töflutúss og gatapakar



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhási 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is





JANÚARTILBOÐ

X-TRAIL



Ekki festast í framtíðinni!

Nýr X-TRAIL er gullfallegur bíll sem hæfir íslensku veðurfari. Hann flytur heilu fjölskyldurnar um landið þvert og endilangt og skýst í innanbæjaraksturinn af lipurð og snerpu. Þú situr hátt í Nissan X-Trail og með einu handtaki skiptirðu yfir í fjórhjóladrif ef færð þyngist.

| Tegund | Skipting | Dyr | Hestöfl | Listaverð | Tilboðsverð |
|----------------------|--------------|--------|---------|---------------|----------------------|
| X-Trail Sport 2.0 | sjálfskiptur | 5 dyra | 140 | 3.100.000 kr. | 2.990.000 kr. |
| X-Trail Elegance 2.0 | sjálfskiptur | 5 dyra | 140 | 3.320.000 kr. | 3.229.000 kr. |

KAUPAUKI
150.000 kr.
AUKAHLUTAPAKKI
VETRARDEKK
DRÁTTARBEISLI

Fylgja öllum Nissan X-Trail jeppum sem keyptir eru í janúar 2005.



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

AUGLÝSING UM HLUTHAFAFUND NORÐURLJÓSA HF.

Hluthafafundur Norðurljósa hf. verður haldinn kl. 8.30 þriðjudaginn 11. janúar 2005 í fundarherbergi yfirstjórnar félagsins að Lynghálasi 5, Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Breytingar á samþykktum félagsins. Fyrir fundinum liggur eftirfarandi tillaga að breytingum á samþykktum félagsins.
 - 1.1.1. Tilgangi félagsins verði breytt þannig að hann verði eignarhald og viðskipti með hlutabréf, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
 - 1.1.2. Fellt verði niður ákvæði um að boða þurfi til hluthafafundar með auglýsingu í útbreiddum fjölmiðli.
 - 1.1.3. Stjórnarmönnum verði fækkað í þrjá og tveir stjórnarmenn skuldbindi félagið.
 - 1.1.4. Sett verði inn ákvæði í samþykktir félagsins sem heimila að halda stjórnarfundum í gegnum síma eða með fjarfundarbúnaði.
2. Kosning stjórnar. Í samræmi við breyttar samþykktir verður kosin ný stjórn fyrir félagið.

f.h. stjórnar Norðurljósa hf.
Skarphéðinn Berg Steinarsson
stjórnarformaður.



Þjónustunúmerið 118: Símtalið getur kostað á annað hundrað króna

SÍMTÖL Hvert símtal í þjónustunúmerið 118 kostar yfirleitt á bilinu sextíu til 120 krónur. Upphafsgjald fyrir hringingar í númerið er fimmtíu krónur ef hringt er úr farsíma en lítið eitt lægra ef hringt er úr heimilissíma. Auk þess kostar hver mínúta sem talað er rétt tæpar sextíu krónur ef hringt er úr farsíma en fimmtíu krónur ef hringt er úr heimasíma. Fréttablaðið þekkir dæmi um símnotanda sem greiddi rúmlega tvö þúsund krónur fyrir þrjátíu hringingar úr heimasíma í 118.

Fyrir rúmlega sextíu símtöl í GSM-síma í sama mánuði greiddi hann tvö hundrað krónum minna, en í heild námu símtölin þrjátíu við 118 meira en fjörutíu prósentum af símreikningnum.

Áframflutningur í símanúmer gegnum 118 kostar þrjár krónur og hefur verið þeirrar þjónustu verið auglýst í fjölmiðlum. Hins vegar hefur verið símtala við 118 ekki verið auglýst.

„Þjónustan sem 118 býður upp á hefur afskaplega lítið verið auglýst en áframflutningsþjónustan



EVA MAGNÚSDÓTTIR
Upplýsingafulltrúi Símans segir þjónustunúmerið 118 afskaplega lítið verið auglýst.

var auglýst þegar hún var ný,“ segir Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans. „Þá er verðskrá okkar aðgengileg á netinu hverjum þeim sem hana vilja skoða.“ ■

Austurland:

Íslandsbanki á Egilsstaði

ÞENSLA Íslandsbanki opnar nýtt útibú á Egilsstöðum í ársbyrjun og verður það til húsa þar sem Bónus var áður. Tveir þjónustufulltrúar hafa verið ráðnir til starfa í útibúinu, sem í fyrstu verður stýrt frá útibú Íslandsbanka á Reyðarfirði sem opnað var fyrir rúmu ári.

Samhliða fólksfækkun á Austurlandi fækkaði útibúum bankanna í fjórðungnum. Þetta breyttist þó aftur eftir að ljóst var að reist yrði álver í Reyðarfirði og hefur þeim fjölgað á ný.

Til skamms tíma var Landsbankinn einn banka með útibú á Reyðarfirði en nú eru þrjár bankastofnanir þar með útibú. Öll eru þau við sömu götuna sem sumir kalla Wall Street.

- kk



GALLABUXUR

Gallabuxur með þekktum tiskumerkjum eru meðal þess varnings sem falsaður er skipulega.

Fölsuð merkjavara áberandi

Hundrað kílóa af falsaðri merkjavöru voru haldlögð á Keflavíkurflugvelli á þessu ári. Brot á lögum um vörumerki geta varðað fangelsi.

VERSLUN „Þeir sem flytja inn og selja falsaða merkjavöru geta átt von á opinberri málsókn frá ákærvaldi og refsingu,“ segir Hróbjartur Jónatansson hæstaréttarlögmaður. Tollgæslan Keflavíkurflugvelli hefur á þessu ári lagt hald á hundrað kílóa af falsaðri merkjavöru, aðallega fatnað og blekhylki.

„Eftirlit hefur verið að aukast og í kjölfarið erum við að finna miklu fleiri sendingar af falsaðri merkjavöru,“ segir Guðbjörn Guðbjörnsson, deildarstjóri fraktdeildar Tollgæslunnar Keflavíkurflugvelli. „Þessi mál eru einnig mjög í brennidepli í nágrannalöndum okkar þannig að oft fáum við vísendingar um slíkan innflutning að utan.“ Rannsókn mállanna stendur yfir en að sögn Guðbjörns eru brotin litin alvarlegum augum.

„Sá sem af ásetningu brýtur gegn lögum um vörumerki þarf að sæta sektum og refsing getur eftir atvikum varðað fangelsi allt að þrjá mánuði,“ segir Hróbjartur.

„Þá getur fyrirtæki sem stendur í fölsun sjálft fengið á sig fjársekt til viðbótar sekt einstaklingsins sem í hlut á.“

Innflutningur falsaðra merkjavara kemur alltaf upp annað slagið hér á landi að sögn Hróbjarts þrátt fyrir að slík mál endi ekki öll með ákæru. „Til þess að hægt sé að refsa þarf ásetningur um brot að liggja að baki,“ segir Hróbjartur. „Vara getur komið hingað til lands án þess að menn hafi ásetning til að brjóta af sér, það er hægt að kaupa vöru án þess að vera viss um að hún sé fölsuð. Hægt er að stöðva dreifingu á slíkum vörum án þess að viðkomandi aðilum sé refsað persónulega.“

Fölsun merkjavarnings er mjög víðtækur og skipulagður iðnaður í heiminum, sérstaklega í Asíu og Austur-Evrópu að sögn Hróbjarts. „Þar fer víða fram skipulögð framleiðsla á fölsuðum varningi í þeim tilgangi að hagnast á þekktum vörumerkjum,“ segir Hróbjartur.

helgat@frettabladid.is

Fjárhagsstaða Dalvíkurbyggðar:

Skuldirnar aukast

HALLAREKSTUR Samkvæmt fjárhagsáætlun Dalvíkurbyggðar stefnir í 105 milljóna króna hallarekstur á þessu ári. Er það heldur minni halli en á síðasta ári en þá var reksturinn neikvæður um tæpar 130 milljónir króna.

Heildarskuldir sveitarfélagsins verða á næsta ári tæplega 1,5 milljarðar króna en þar af eru

tæplega 600 milljónir vegna félagslegra íbúða. Heildartekjur Dalvíkurbyggðar verða rúmar 800 milljónir króna samkvæmt áætlun næsta árs.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga fylgist með fjárhagsstöðu sveitarfélagsins en hefur ekki séð ástæðu til sérstakra aðgerða enn sem komið er. - kk



VIÐ ÞJÓÐUM
UPP Í DANS Á
NÝJU ÁRI

Innritun og
upplýsingar alla
daga kl. 12-19
í síma 553 6645
eða með tölvupósti til
dans@danskoli.is

Mambó
Tjútt
Freestyle
Salsa
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Nýjustu tiskudansarnir
Börn – Unglingar – Fullorðnir

Ýmis starfsmanna- og stéttarfélag
veita styrki vegna dansnámskeiða.

DANSSKÓLI
Jóns Peturs og Köru

Nú er rétti tíminn..

Situr saltið í þér?

**Finnst þér líkaminn
þurfa á hreinsun að halda?**

Hollywoodkúrinn

er 48 klukkustunda djúsfasta sem hjálpar til með hreinsun líkamans. Kúrinn er 100% ávaxtasafi unninn úr yfir 10 tegundum ávaxta.

Tveggja daga djúsfasta: Mælt er með að drekka eingöngu djúsblönduna og vatn í 2 daga.

Getur stuðlað að þyngdartapi og minna mittismáli. Athugið að einstaklingsárangur getur verið mismunandi.



15%
afsláttur fyrir
e-korts handhafa



HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

EKKI MISSA AF ÞESSU TÆKIFÆRI

Í DAG, Á MORGUN

NÝR TOYOTA Á TILBOÐI



34.200 kr.
... íslenska landsliðsframherjanum Heiðari Helgusyni, sem heldur áfram að fara á kostum með liði Watford í ensku 1. deildinni. Á nýársdag skoraði hann sigurmarkið gegn Millwall. Heiðar byrjaði tímabilið rólega og skoraði aðeins eitt mark fram að 16. október en síðan þá hefur hann farið á kostum og skorað 11 mörk.



„Ég ætlaði mér alls ekki að gera þetta og ég vil biðjast afsökunar. Ég vona að hann nái sér fljótt.“

Frank Lampard er þrúðmennskan uppmáluð en ljót tækling hans varð til þess að Xabi Alonso ökklabrotaði.

Meistarahaheppni Chelsea

Jose Mourinho segir að meistarahaheppni hafi skilað sínu liði sigri gegn Liverpool á nýársdag. Arsenal og Manchester United eru að ná sér á strik á nýjan leik og fylgja Chelsea eins og skugginn.

FÓTBOLTI „Stundum er talað um meistarahaheppni og ég held að við höfum haft hana í dag,“ sagði Jose Mourinho, knattspyrnu-stjóri Chelsea, eftir sigur síns liðs gegn Liverpool á nýársdag.

Joe Cole var hetja Chelsea í leiknum en hann skoraði eina mark leiksins þegar 10 mínútur voru til leiksloka eftir að hafa komið inn á sem varamaður skömmu áður. Cole endurtók þannig leikinn frá því í fyrri leik liðanna í október þegar hann skoraði sigurmarkið í 1-0 sigri.

„Við vorum mjög heppnir í dag. Ég vorkenni Rafael Benitez að hafa ekki fengið jafntefli, það hefðu verið sanngjarnari úrslit,“ sagði Mourinho. Benitez var óánægður með Mike Riley, dómara leiksins, og taldi hann meðal annars hafa sleppt augljósri vítaspyrnu.

„Þetta voru ósanngjörn úrslit. Við spiluðum virkilega vel í fyrri hálfleik og stjórnuðum leiknum. Tveir hlutir breyttu leiknum; meiðsli Xabi Alonso og þegar Tiago tók boltann með hendinni innan teigs en Riley flautaði ekki,“ sagði Benitez bálreiður eftir leikinn. Í ljós hefur komið að Alonso er ökklabrotinn og verður frá keppni næstu sex vikurnar. Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Chelsea en átti afar rólegan dag.

Hermann Hreiðarsson og félagar í Charlton áttu aldrei glætu gegn meistarum Arsenal og er Freddie Ljungberg kominn á skotskóna eftir að hafa verið frá í nokkrar vikur vegna mígrenis. Hann skoraði tvö mörk og nýliðinn Robin van Persie eitt.

„Ljungberg var ekki orðinn heill á öðrum degi jóla, hann var skárri gegn Newcastle en í dag lék hann eins og hann á að sér. Hann var frábær,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, eftir leikinn.

Manchester United hefur ekki gefið titilvonirnar upp á bátinn og vann liðið góðan útsigur á Middlesbrough. „Enginn er að spila betur en við í augnablikinu,“ sagði Alex Ferguson, stjóri Man. Utd., og Steve McClaren hjá Middlesbrough sagði ýmislegt til í þeim ummælum.

„Þeir hafa fengið 28 stig af 30 mögulegum í síðustu leikjum. Það er ekki slæmt. Ég held að þetta verði þriggja liða keppni allt fram í síðustu umferðirnar.“

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

ÚRSLIT

| | |
|--|------------|
| LIVERPOOL-CHelsea | 0-1 |
| 0-1 Joe Cole (80.). | |
| FULHAM-CRYSTAL PALACE | 3-1 |
| 1-0 Andy Cole (4.), 1-1 Andy Johnson, víti. (35.), 2-1 Andy Cole (60.), 3-1 Tomasz Radzinski (73.). | |
| ASTON VILLA-BLACKBURN | 1-0 |
| 1-0 Nolberto Solano (88.). | |
| BOLTON-WEST BROM | 1-1 |
| 0-1 Zoltan Gera (13.), 1-1 El-Hadji Diouf. (85.). | |
| CHARLTON-ARSENAL | 1-3 |
| 0-1 Freddie Ljungberg (35.), 1-1 Talal El Karkouri. (45.), 1-2 Freddie Ljungberg (48.), 1-3 Robin van Persie (67.). | |
| MAN. CITY-SOUTHAMPTON | 2-1 |
| 1-0 Paul Bosvelt (19.), 2-0 Shaun Wright-Phillips. (40.), 2-1 Kevin Phillips, víti (90.). | |
| NEWCASTLE-BIRMINGHAM | 2-1 |
| 1-0 Shola Ameobi (4.), 2-0 Lee Bowyer (44.), 2-1 Emile Heskey (64.). | |
| PORTSMOUTH-NORWICH | 1-1 |
| 0-1 Damien Francis (9.), 1-1 Yakubu Aiyegbeni, víti (61.). | |
| TOTTENHAM-EVERTON | 5-2 |
| 1-0 Dean Marney (16.), 2-0 Reto Ziegler (27.), 2-1 Tim Cahill (40.), 3-1 Miguel Pedro Mendez (59.), 4-1 Robbie Keane (68.), 5-1 Dean Marney (80.), 5-2 James McFadden (87.). | |
| MIDDLESBROUGH-MAN. UTD. | 0-2 |
| 0-1 Darren Fletcher (9.), 0-2 Ryan Giggs (79.). | |

STADAN

| | | | | | | |
|-------------|----|----|----|----|-------|----|
| CHelsea | 21 | 16 | 4 | 1 | 41:8 | 52 |
| ARSENAL | 21 | 14 | 5 | 2 | 51:23 | 47 |
| MAN. UTD. | 21 | 12 | 7 | 2 | 33:13 | 43 |
| EVERTON | 21 | 12 | 4 | 5 | 25:22 | 40 |
| MIDDLESB. | 21 | 10 | 5 | 6 | 34:26 | 35 |
| LIVERPOOL | 21 | 10 | 4 | 7 | 34:21 | 34 |
| TOTTENHAM | 21 | 9 | 5 | 7 | 29:21 | 32 |
| CHARLTON | 21 | 9 | 4 | 8 | 24:31 | 31 |
| ASTON VILLA | 21 | 7 | 7 | 7 | 23:24 | 28 |
| MAN. CITY | 21 | 7 | 6 | 8 | 26:22 | 27 |
| PORTSMOUTH | 21 | 7 | 6 | 8 | 25:28 | 27 |
| BIRMINGHAM | 21 | 6 | 8 | 7 | 24:23 | 26 |
| NEWCASTLE | 21 | 6 | 7 | 8 | 33:39 | 25 |
| BOLTON | 21 | 6 | 6 | 9 | 27:30 | 24 |
| FULHAM | 21 | 6 | 3 | 12 | 25:36 | 21 |
| BLACKBURN | 21 | 3 | 10 | 8 | 19:33 | 19 |
| NORWICH | 21 | 2 | 10 | 9 | 18:37 | 16 |
| CR. PALACE | 21 | 3 | 6 | 12 | 21:34 | 15 |
| SOUTHAMPT. | 21 | 2 | 8 | 11 | 19:34 | 14 |
| WEST BROM | 21 | 1 | 9 | 11 | 17:43 | 12 |



JOE COLE Hefur heldur betur reynst Chelsea dýrmætur í leikjum liðsins gegn Liverpool á leiktíðinni. Í báðum leikjum hefur hann komið inn á og skorað sigurmarkið. Hér sést hann fagna marki sínu í leiknum á nýársdag.

Gleðilegt ár!

Byrjum námskeiðin
10. janúar
Upplýsingar í síma:
561 5620



B 'bza g_Y] 'U \YZUgh|Cf_i j Yf]bi

@_i '* j]_bUU \UXgbza g_Y] 'Zmf]f'_cbi f'c['_Uf'Uz "'i a 'UXf]

? i _i hja Ughmf_HUf! 'c['VFYbbgi ° Üb[Uf' a Y 'Z' 'VFYmthb] †Zmf]ff•a]'

: fzV° f'Y] 'h'U 'Vmf'Uzf] 'a Y '_fUZ]"

x ''i a 'bza g_Y] i a 'Zm[^U 'J]_i 'Y[Uf'a ° ']b[Uf'c[j]_h b '6f•g] '6c'if 'AUddU'a Y 'YZb]i a 'a UHf°]c["' fi a '\U[b hi a 'idd' g]b[ia

6UfbU] ° g'U'z'ghU bi a "

I dd' g]b[Uf'c['g_fzb]b[†g]a U) - (!- '* 'S"

k k k " c f i j Y f | X " | g

SUNDDEILD

Sunddeild Ármanns

Barnasund

Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst laugardaginn 15. janúar nk. í Árbæjarskóla

Ungbarnasund

Námskeiðið hefst 5. febrúar nk. í Árbæjarlaug.

Innritun virka daga frá kl. 17:00 og um helgar frá kl. 13:00 í síma 557-6618 (Stella) og Eygló í síma 860-0122

ÚTSALAN

hefst á morgun kl: 10.00

NIKE BUÐIN
LAUGAVEGI 6
Sími 562-3811

BORGGAÐU MED BÓKUNUM

KOMDU MED GÖMLU
BÆKURNAR OG
SETTU ÞÆR UPP Í
EITTHVAÐ SEM ÞIG
LANGAR Í!

Láttu bækurnar
vinna fyrir þig!

Skiptibókamarkaðurinn opnar í dag!



Office 1 Superstore

Skeifan
Smáralind
Akureyri
Egilsstaðir
www.office1.is
550 4100



Allir fá innleggsnotu hjá Office 1 og gildir innleggsnotan til úttektar á hverju sem er í versluninni. Office 1 áskilur sér rétt til að hafna móttöku bóka sem eru úreltar, ónothæfar eða til í of miklu magni.

Thomas Gravesen:

Orðaður við Real Madrid

FÓTBOLTI Fregnir herma að spænska stórlíðið Real Madrid hyggist gera tilboð í Danann öfluga Thomas Gravesen hjá Everton nú þegar leikmannamarkaðurinn hefur verið opnaður á ný. Umboðsmaður Danans vildi ekki tjá sig um þennan orðróm frekar en aðra varðandi Gravesen. ■

MILK THISTLE

Mjólkurpistill



Dregur úr vökvæðun og timburmönnum

Hugurinn stefnir heim

Knattspyrnumaðurinn Auðun Helgason telur meiri líkur en minni á því að hann spili með FH á komandi tímabili.

FÓTBOLTI Knattspyrnumaðurinn Auðun Helgason er líklega á heimleið eftir sjö ára dvöl sem atvinnumaður í Noregi, Belgíu og nú síðast Svíþjóð. Samningur Auðuns við sænska liðið Landskrona rann út fyrir skömmu og sagði Auðun í samtali við Fréttablaðið í gær að eins og staðan væri í dag stefndi hugurinn heim.

„Föráðamenn Landskrona hafa boðið mér tveggja ára samning og ef ég skrifa undir hann verð ég einnig fyrirliði liðsins. Ég er mjög hrifinn af þjálfara liðsins og þetta er auðvitað spennandi en ég get heldur ekki neitað því að það kitlar mikið að spila með FH á nýjan leik.“

Auðun sagði að nokkur félög hefðu sett sig í samband við hann en hann hefði ekki viljað ræða við þau. „Það kemur bara til greina að spila með einu liði á Íslandi og það er FH. Það eru spennandi tímar fram undan hjá félaginu og miðað við það sem ég hef heyrt frá föráðamönnum liðsins er gífurlegur kraftur og metnaður í félaginu,“ sagði Auðun.

Hann gerir ráð fyrir því að ákveða hvar hann spilar á komandi tímabili á næstu dögum en



AUÐUN HELGASON Sést hér í landsleik gegn Andorra en hann er sennilega á leiðinni heim og mun þá ganga til liðs við Íslandsmeistara FH.

sagði það ekkert launugarmál að mjög líklegt væri að hann gengi í raðir síns gamla félags, FH. „Ég hef fengið tilboð frá norska liðinu Fredrikstad, danska liðinu OB og síðan Landskrona. Mér gekk vel síðari hlutann á tímabilinu í Sví-

þjóð en það er sennilega kominn tími til að koma heim. Konan klárar námið sitt nú í janúar og þetta er mjög finn tímamunktur fyrir alla fjölskylduna,“ sagði Auðun.

oskar@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

31 1 2 3 4 5 6

Mánudagur

■ SJÓNVARP

- 12.45 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá viðureign **Norwich** og **Liverpool** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 15.00 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá viðureign **Blackburn** og **Charlton** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 17.45 **Íþróttarárið 2004** á Sýn. Íþróttafréttamenn Sýnar rífa upp helstu afrek síðasta árs.
- 18.30 **Þrumuskot** á Skjá einum. Farið yfir leiki helgarinnar í enska boltanum og öll mörkin sýnd.
- 19.30 **Enski boltinn** á Sýn. Endursýnd viðureign **Man.Utd.** og **Arsenal** frá árinu 1999.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.45 **Enski boltinn** á Skjá einum. Útsending frá viðureign **W.B.A.** og **Newcastle** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta frá því fyrir um daginn.
- 23.15 **History of football** á Sýn.
- 01.30 **Þrumuskot** á Skjá einum. Endursýndur þáttur þar sem farið yfir leiki helgarinnar í enska boltanum og öll mörkin sýnd.

AIKIDO

Sjálfsvörn • Líkamsrækt

Ný námskeið að hefjast!

Fríir kynningartímar mán 03/01 og mið 05/01 kl 18:00, Faxafeni 8, Miklubrautarmegin

Komið og takið þátt eða fylgist með Nútíma sjálfsvarnarlist fyrir alla

Nánari upplýsingar í sínum 822-1824 og 897-4675

<http://www.aikido.is> aikido@aikido.is

Æfingar á mán/mið 18:00, fim 20:30, fös 07:30 og lau 15:30

Barna-, unglinga- og fullorðinshópar



Landsliðsmaðurinn Logi Geirsson gefur af sér:

Býður langveiku barni til Þýskalands

HANDBOLTI Logi Geirsson, landsliðsmaður í handknattleik og atvinnumaður með Lemgo í Þýskalandi, er um margt sérstakur einstaklingur. Fréttablaðið hefur áður greint frá jákvæðum og uppbyggilegum pistlum kappans á heimasíðu sinni þar sem hann opinberar sýn sína á lífið og reynir að smita fólk af jákvæðni sinni.

Logi er maður sem vill gefa af sér og hann sýndi það í verki um áramótin er hann ákvað að bjóða langveiku barni og foreldrum til Þýskalands. Þar munu þau verða á hans upphaldi, horfa á hann spila með Lemgo og fara síðan í útsýnisferð um borgina.



LOGI GEIRSSON

„Lífum við ekki einmitt í þeim tilgangi að gera hvort öðru lífið bærilegra? Að mínu mati virðist hamingjan ætluð til að deila henni með öðrum,“ segir Logi á heimasíðu sinni. Svo sannarlega frábært framtak hjá Loga sem er öðrum til eftirbreytni. - hbg



DWVC

Dansstúdíó

WorldClass
ICELAND

Dansstúdíó World Class

► Freestyle og Jazzfunk

Kraftmiklir tímar undir kröftugri tónlist og handleiðslu þaulreyndra dansara og danshöfunda. Aldursflokkar: 7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára, 16-19 ára, 20 ára og eldri. Byrjenda- og framhaldshópar.

► Salsa

Suðrænir dansar; salsa í bland við mambó og merenge með tilheyrandi mjaðmahnykkjum og suður-amerískri tónlist. Tilvalið jafnt fyrir einhleypa, pör og vini sem vilja ná tökum á grunnsporunum í þessum vinsæla dansi. Lítt spor!

► Barnadansar og leikir

Leyfum börnunum að uppgötva og skynja samhengið milli dans, tónlistar og hljómfalls. Farið er yfir létt spor og leiki. Aldursflokkar 5-6 ára. Strákar og stelpur saman í hóp.

Vetrarönnin hefst 10. janúar og stendur yfir í 12 vikur.

Skráning er hafin í síma 553 0000.

Sjá tímatöflu á www.worldclass.is


„ÚV“ ÁS

=Z ZgZ, '&' 'ZgšZk+)).
El dAg 1/4Yi== | ØTTI'
Xdd%Z " " l dā ā gAlaY
1/ø hWgdg_ Vff SXW dSdS V,

- b%eb|^Sdl

Tys VScI

VhVfa] [



#ed
ay &
&foÁhSd

32ë9Í D:ë
36ECF?2C9Í D:ë
DA@CE9Í D:ë
úC6<9Í D:ë

âhiég` â hW^iÁS`

fôXkZefi^m
fôXkZefi^m
=Z ZgZ, '&' 'ZgšZk+)).



7I` [XkYS áhes` [dXff_ WXXa eS_ efSxSÁ/g_
;UWS` VESB` 8lf` Væe Xcdg_ %' z' "]d



ICELAND
SPA & FITNESS

ež' (# # " i i i žeXje

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ**HÍBYLI VINDANNA**

leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturlara- sögum Bóðvars Guðmundssonar
Aðalæfing fi 6/1 kl 20 - **UPPELT**
Frumstýning fö 7/1 kl 20 - **UPPELT**
Lau 8/1 kl 20 - gul kort - **UPPELT**
Su 9/1 kl 20 - aukasýning - **UPPELT**
Lau 15/1 kl 20 - rauð kort
Su 16/1 kl 20 - græn kort
Fö 21/1 kl 20 - blá kort
Lau 22/1 kl 20
Lau 29/1 kl 20
Su 30/1 kl 20

HÉRI HÉRASON

e. Coline Serreau
Fö 14/1 kl 20
Su 23/1 kl 20

LÍNA LANGSOKKUR

e. Astrid Lindgren
Su 9/1 kl 14
Su 16/1 kl 14
Su 23/1 kl 14
Su 30/1 kl 14

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ**BELGÍSKA KONGÓ**

e. Braga Ólafsson
Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Í kvöld kl 20
Fö 7/1 kl 20
Fö 14/1 kl 20
Su 16/1 kl 20

AUSA eftir Lee Hall og STÓLARNIR eftir Ionesco

Í samstarfi við LA
Frumstýning fi 30/12 kl 20 - **UPPELT**
Lau 8/1 kl 20, Su 9/1 kl 20, Fi 13/1 kl 20,
Lau 15/1 kl 20

SVIK

eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA
Í kvöld kl 20
Fö 14/1 kl 20
Fi 20/1 kl 20

Allt starfsfólk Borgarleikhússins sendir landsmönnum öllum

BESTU ÓSKIR UM HEILLARIKT

KOMANDÍ ÁR um leið og það PAKKAR

140.000 GESTUM FYRIR KOMUNA í

leikhúsið á síðasta leikári.

Míðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudag og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

Míðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhuis.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Val Kílmer í stað Jim Morrison?

SMÁRI JÓSEPPSON SKRIFAR UM SKRAUTLEG HÚÐFLÚR



MYND: HELG SIGURDÓTTIR

til skarar skríða.

Fyrst ber að nefna einhvern mesta aðáanda The Doors hér heima á Fróni. Honum fannst ekki annað hægt en að merkja sig vel hljómsveitinni og ákvað því að fá sér andlitsmynd af söngvaranum Jim Morrison. Skundaði kappinn út á næstu myndbandaleigu og náði sér í

eintak af myndinni The Doors. Sel-fyssingurinn knái hugsaði dæmið greinilega ekki alveg til enda og er skemmt frá því að segja að í dag þrýðir síðhærður Val Kílmer, sem lék Morrison í myndinni, handlegg þessa manns!

Þá er ekki hjá því komist að minnst á Vestfirðing nokkurn sem var í svaðilför í útlöndum ásamt félögum sínum úr áhöfn ónefnds skips. Eins og oft vill verða við menn sem kenndir eru við sjóinn vilja áfengir drykkir oft renna hraðar niður í útlöndum en í heimalöndinu.

Á öðrum eða þriðja degi var haldið í miðbæ stórborgar á meginlandi Evrópu til að ná sér í húðflúr en á þessum tíma var erfitt að komast í listamenn af þeirri gerðinni hér á

landi. Tveir úr hópnum ákváðu að fá sér húðflúr og bauð okkar maður félagi sínum að vera á undan. Sá fékk sér hjarta utan um nafn ástkonu sinnar.

Söguhetja okkar var næst og pantaði skútu á handlegginn. Kom það engum á óvart enda var maðurinn búinn að stunda sjómennskuna frá blautu barnsbeini og ekkert því til fyrirstöðu að merkja sig vel. Þegar húðflúrsmeistarinn var hálfnaður með skútuna mætti lögreglan öllum að óvörum á staðinn og lagði hann niður eins og hendi væri veifað. Húðflúrarinn fékk ekki tækifæri til að fullvinna verkið og í dag, um 20 árum seinna, er þessi ágæti maður enn með hálfkláraða skútu á handleggnum!

myndasögur**PONDUS**

Eftir Frode Överli

**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

**PÚ OG PA**

Eftir SÖB

**KJÖLTURAKKAR**

Eftir Patrick McDonnell

**BARNALÁN**

Eftir Kirkman/Scott

**Breiðu bökin**
Grunnur að bættri líðan í hálsi, herðum og baki

Leikfimitímar með mjúkri sambasveflu
kl. 16.10, 17.10 og 18.10 virka daga

Í leikfiminna er kerfisbundið unnið að því að bæta líkamsstöðu og beitingu; og virkja og ná stjórn á djúpa vöðvakerfi háls, axlarsgrindar og baks. Liðkandi og styrkjandi æfingar eru gerðar í hverjum tíma.



Frjáls aðgangur er að fullkomnum tækjasal ásamt leiðbeiningum frá sjúkraþjálfara.

Kenningar:

Harpa Helgadóttir, sjúkraþjálfari, Thelma Dögg
Ragnarsdóttir sjúkraþjálfari og Kolbrún Vala Jónsdóttir.

Skráning fer fram í síma 695-1987 og 511-1575

Netfang: harpa@hi.is Vefsíða: www.folk.is/breidubokin/

Kennslan hefst 10. janúar og fer fram í glæsilegu húsnæði sjúkraþjálfunar- og líkamsræktarstöðvar Hreyfigreiningar að Höfðabakka 9

Einnig í boði **Bakleikfimi í vatni** í hádeginu. Kennt er í sundlaug Endurhæfingarstöðvar LSH við Grensás.

Frönsku námskeið

Námskeið hefst 17. janúar

Innritun í síma 552 3870

3.-14. janúar

- Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Taltímar - einkatímar
- Námskeið fyrir börn
- Viðskiptafranska - lagafranska
- Kennum í fyrirtækjum



Alliance Française
Netfang: af@ismennt.is
Vefang: <http://af.ismennt.is>



Tryggvagata 8, sími: 552-3870. Fax: 562-3820.



Stækkaðu!

Farðu inn á endurmenntun.is

Þar er að finna ótal vaxtarmöguleika - allt frá stafsetningarnámi til námskeiða á meistarastigi.

Hvort sem þú vilt auka tekjumöguleika þína á vinnumarkaði, styrkja þig í starfi, svara forvitninni eða einfaldlega skemmta þér konunglega – þá er Endurmenntun Háskóla Íslands sniðin að þörfum þínum!

Skoðaðu nýju námskrána okkar á endurmenntun.is

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
- að vaxa og dafna



OCEAN'S TWELVE
NICOLAS CAGE
Nýársmyndin 2005
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30

OCEAN'S TWELVE
MBL ★★★ Algjört augnaynd!
FBL Hressir ræningjar!
Kvikmyndir.com ★★★
Sýnd kl. 5.30, 8, 9.20 og 10.40

Jólamyndin 2004
frumsýnt 26. desember
"...bráðvel heppnuð skemmtun, grín og fjör..."
★★★ ÖHT Rás 2
"séríslenskt Fönn, fönn, fönn!"
★★★ SV Mbl

NATIONAL TREASURE
NICOLAS CAGE
Nýársmyndin 2005
Sýnd kl. 1, 3.30, 6, 8.30 & 11.15
Sýnd í LÚXUS VIP kl. 8.30 & 11.15

THE INCREDIBLES
Aðsóknarmesta jólamyndin 2004
★★★★ Mbl
Sýnd kl. 1, 3.30, 6 m/isl. tali
kl. 1, 3.30, 6, 8.30 og 11 m/ens. tali

BRIDGET JONES
THE EDGE OF REASON
Sama Bridget. Glæný dagbók.
★★★ kvikmyndir.com
★★★ 1/2 kvikmyndir.is
Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15

THE INCREDIBLES
Aðsóknarmesta jólamyndin 2004
★★★★ Mbl
Sýnd kl. 5.30 m/isl. tali
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.20 m/ensku tali

BÚI & SIMON
Sýnd kl. 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10 og 11
Sýnd í LÚXUS kl. 3, 5, 7, 9 og 11

OCEAN'S TWELVE
Sýnd kl. 6, 8.40 og 11.15
Sýnd í LÚXUS VIP kl. 1 & 3.30

Surviving Christmas
Sýnd kl. 2, 4, 8.30 & 10.30
www.sombioin.is

FÓLK

Peningar til fórnarlamba

Hollywood-stjörnurnar Jackie Chan og Chow Yun-fat, sem eru fæddar í Hong Kong, ætla að láta fé af hendi rakna til fórnarlamba jarð-


skjálftans gríðarlega sem gekk yfir í suðurhluta Asíu á dögnum. Chan lagði fram tæpar fjórar milljónir króna til Barnahjálpar Sameinuðu

Þjóðanna og Chow gaf tvær milljónir til hjálparstarfs. „Fjórar milljónir eru sáralítið fyrir svæðin sem fóru illa út úr skjálftanum en ég vonast til að aðrir fylgi for-dæmi mínu," sagði Chan.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Sharon Osbourne mun leika í Shinu djarfa leikriti The Vagina Monologues eða Píkusögum. Gamanleikritið, sem fjallar um konur að tala opinskátt um sína innilegustu líkamshluta, hefur slegið í gegn bæði í West End og



á Broadway. Þetta mun vera fyrsta hlutverk Sharon á sviði og verður frumsýnt í London á næsta ári. „Sharon sá leikritið og elskaði það. Það er opinskátt og skemmtilegt og gæti verið skrif-að fyrir hana. Konur að tala blátt áfram um þessi mál er nokkuð sem hentar henni mjög vel," sagði heimildarmaður.

LOKAÐ Í DAG

Útsalan hefst á morgun!



10% - 70% afsláttur



HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is

GLEDILEG JÓL SAMBÍÓIN
KRINGLAN

Nýársmyndin 2005
NICOLAS CAGE
NATIONAL TREASURE

Sýnd kl. 7.30 & 10.15

Jólamyndin 2004
Ein stærsta opnun frá upphafi í des í USA.
OCEAN'S TWELVE

Stórstjórn þjófagengi aldarinnar er mætt aftur og stillir skotmark sitt að þessu sinni á Evrópu.

Sýnd kl. 12, 2.30, 5, 7.30 & 10

THE INCREDIBLES
FRÁ FRAMLEIÐENDUM FINDING NEMO

BÚÐU ÞIG UNDIR HIÐ ÓTRÚLEGA!
Aðsóknarmesta jólamyndin 2004

Sýnd kl. 12, 2.30 & 5
POLAR EXPRESS SÝND KL. 12 & 2.30

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. miðaverð á allar myndir kl. 12 1., 2. og 3. janúar í Sambíóunum Kringlunni

REGNBÖGINN

Jólamyndin 2004
"Séríslenskt Fönn, fönn, fönn!"
"...bráðvel heppnuð skemmtun, grin og fjör..."
★★★★ SV Mbl
ÓHT Rás 2

Stakt við Jimann

Sýnd kl. 2.30, 4.30, 6.30, 8.30 og 10.30

BLADE TRINITY
VAMPÍRUBANINN BLADE ER MÆTTUR AFTUR HÆTTULEGRI EN NOKKRU SINNI FYRR
BIÓBADIÐ ER HAFIÐ

Sýnd kl. 6, 8.30 og 11 b.i. 16

BÚI & SIMON
LEARN TO SING!
ISLENSKT TALI

Sýnd kl. 2 og 4

PAPARAZZI
Hann er á toppnum... og allir á eftir honum

Sýnd kl. 8 b.i. 16

BRIDGES
kl. 3.30, 5.45, 8 & 10.15 b.i. 16

KRANKS
SÝND KL. 2, 4 & 6

SÍMI: 551 9000 www.regnboginn.is

LAUGARÁS BÍÓ 553 2075

Jólamyndin 2004
"Séríslenskt Fönn, fönn, fönn!"
"...bráðvel heppnuð skemmtun, grin og fjör..."
★★★★ SV Mbl
ÓHT Rás 2

Stakt við Jimann

Sýnd kl. 3.40, 5.50, 8 og 10.10 b.i. 16

BLADE TRINITY
VAMPÍRUBANINN BLADE ER MÆTTUR AFTUR HÆTTULEGRI EN NOKKRU SINNI FYRR
BIÓBADIÐ ER HAFIÐ

Sýnd kl. 3.40, 5.50, 8 og 10.10 b.i. 16

BÚI & SIMON
LEARN TO SING!
ISLENSKT TALI

Sýnd kl. 4, og 6 m./isl. tali

SAW
Alls ekki við hæfi viðkvæmra Stränglega bönnuð innan 16 ára

Sýnd kl. 8 og 10 b.i. 16

www.laugarasbio.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn Sean Penn segir að Lhryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin þann 11. september 2001 hafi flýtt framleiðslu á nýrri mynd hans, **The Assassination of Richard Nixon**, í stað þess að seinka henni eins og margir hefðu haldið. Myndin gerist



árið 1974 og fjallar um **Samuel Byck**, leikinn af Penn, sem kennir stjórnvöldum um eigin mistök. Gerir hann tilraun til að drepa Nixon forseta með því að ræna flugvél og fljúga henni á Hvíta húsið. Penn hafði unnið að gerð myndarinnar í tvö ár áður en árársinnar voru gerðar.

Flestir velja Fréttablaðið!

Fréttablaðið er sá miðill sem flestir Íslendingar velja sem sinn á hverjum degi*
Vertu séður, auglýstu þar sem viðskiptavinur þinn er.
FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir
* GALLUP NOV. 2004

ÚTSALAN ER HAFIN

20-60% AFSLÁTTUR

DÖMU – HERRA OG BARNASKÓR

EURO SKO

Kringlan • Firði • Glerártorg

Sönglist og Borgarleikhúsið

bjóða upp á...
...12 vikna söng- og leiklistarnámskeið. Nemendum gefst kostur á að fara í hljóðver og syngja inn á geisladisk.

Byrjenda- og framhaldsnámskeið:
7 - 9 ára | 12 - 13 ára | 17 - 19 ára
10 - 11 ára | 14 - 16 ára

Nemendasýning í Borgarleikhúsinu í lok hvers námskeiðs
Innritun í síma **861-6722**
Kennsla hefst **10. janúar**

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur

SÖNGLIST
Söng- og leiklistarskóli

Fagmenntaðir kennarar

| | |
|--|--|
| | |
| | |
| | |
| | |

HREYFI LAND

Opið hús sunnudaginn 9. janúar frá kl.13-17
15% afsláttur af öllum námskeiðum þennan dag
nánari upplýsingar og skráning
www.hreyfiland.is
Höfðabakka 9 sími: 5772555 mottaka@hreyfiland.is

ÚTSALA
20% - 70%
AFSLÁTTUR

CENTRO
HAFNARSTRÆTI
SÍMI: 461 2747

CENTRO
GLERÁRTORGI
SÍMI: 461 2787


GEIMSTOFAN

vikan
Völvublaðið

Aðeins
599 kr.



Náðu í eintak á næsta sölustað



Flestir velja Fréttablaðið!

Fréttablaðið er sá miðill sem flestir Íslendingar velja
sem sinn á hverjum degi
Vertu séður, auglýstu þar sem viðskiptavinur þinn er.

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir

VIÐ TÆKIÐ : Markús Örn í kvenmannsföt

LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR ELSKAR SKAUPIÐ EN VORKENNIR MARKÚSI ERNI.

Gamla árið var kvæmt með stæl eins og venjulega. Ég held mikið upp á gamlárskvöld. Þó ekki út af því að ég hafi afsökun fyrir að drekka í óhöfi, borða í óhöfi, lofa upp í ermina á mér og hafa gaman að peningabrennu. Nei, það er út af skaupinu.

Ég batt miklar vonir við skaupið í ár þar sem þeir Spaugstofumenn hafa gert besta kaup allra tíma að mínu mati. Auðvitað skaupið 1985. En ég varð fyrir vonbrigðum. Margar góðar hugmyndir voru í skaupinu í ár sem mér fannst ekki vera nógu vel útfærðar. Enn fremur fannst mér fyndnustu menn Íslands, Jón Gnarr og Sveppi, ekki fá nógu góð hlutverk. Of mikið fannst mér af því að fólk léki sig

sjálft. Til dæmis láu Nylon-stelpurnar vel við höggi en þær komust klakklaut frá kaupinu með því að vera sætar eins og þær gera best. Bestur fannst mér þó herra Davíð Oddsson sem sýndi sína frábæru leikhæfileika á skurðarborðinu. Hann er greinilega á rangri hillu. Ég á eftir að horfa á skaupið aftur en það er alltaf betra í endursýningu.

En eftir skaupið kemur Markús Örn Antonsson, okkar ástsæli útvarpsstjóri, með ávarp sitt. Greyið Markús Örn. Ég vorkenni honum um hver einustu áramót. Hver hlustar svo sem á hann í öllum sprengiæsingnum? Á mínu heimili er lækkað niður í honum til að heyrja þjóðina sprengja upp millj-



Greyið Markús Örn, það hlustar aldrei neinn á hann blessunina.

ónirnar sínar. Hann gæti eflaust sprengt upp útvarpshúsið eða klætt sig í kvenmannsföt og enginn myndi taka eftir því. En eitt er víst að hann óskar landanum gleðilegs nýs árs og það er fyrir öllu. Gleðilegt nýtt ár Markús. Gleðilegt nýtt ár Ísland. ■



▶ 22.20
Drama

Line of Fire. Fyrsti þáttur í bandarískum myndaflokki um unga alríkislögglukonu sem berst við glæpi.



▶ 22.25
Bíó

Six Ways to Sunday. Harry er orðinn sjálfráða og hefur gengið til liðs við glæpaklíkuna í bænum.



▶ 18.00
Kvikmynd

Bak við tjöldin - Ocean's Twelve. Fylgst er með gerð þessara framhaldsmyndar Ocean's Eleven sem sló í gegn á sínum tíma.

SIÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah Winfrey (e) 10.20 Ísland í bitíð

16.10 Ensku mörkin 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Brandur lögga (9:26) 18.09 Kóalabræður (23:26) 18.19 Bú! (45:52)

12.00 Neighbours 12.25 Í finu formi 12.40 Perfect Strangers 13.05 Auglýsingahlé Simma og Jóa 13.35 Wild Man Blues 15.15 Last Comic Standing 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.53 Neighbours 18.18 Ísland í dag

18.30 Spæjarar (51:52) (Totally Spies II) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljósið 20.00 Frasier Bandarísk gamanþáttaröð.

20.20 Rannsóknir á Suðurskaotslandinu (Troll í Antarktís) Norsk heimildarmynd um störf vísindamanna í rannsóknarstöðinni Troll á Suðurskaotslandinu.

21.10 Lögreglustjórinn (The District III) Sakamálasýrpa um Jack Mannion, hinn skelegga lögreglustjóra í Washington, sem stendur í ströngu í baráttu við glæpalýð og við umbætur innan lögreglunnar.

22.00 Tíufréttir ▶ 22.20 Eldlínan (1:13) (Line of Fire) Bandarískur myndaflokkur um unga alríkislögglukonu og baráttu hennar við glæpaforingja. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 19.35 The Simpsons 14 (15:22) (e) (Simpson fjölskyldan)

20.00 The Block 2 (7:26) Í ástralska myndaflokknum The Block fá fjögur heppin þór tækifæri til að innrétta íbúð eftir eigin höfði.

20.45 Six Feet Under 4 (9:12) (Undir grænni torfu) Bræðurnir David og Nate reka útfararþjónustu Fisher-fjölskyldunnar. Bönnuð börnum.

21.40 60 Minutes II ▶ 22.25 Six Ways to Sunday (Enginn sunnudagaskóli) Harry Odum er orðinn sjálfráða. Samband hans og mömmu hans hefur alltaf verið náð og sumir myndu segja hana hafa óverndað strákinn. En nú er Harry 18 ára og ekkert smábarn lengur. Stranglega bönnuð börnum.

23.05 Ensku mörkin 0.00 Kastljósið 0.20 Dag-skrárlök

0.00 Mile High (12:13) (e) (Bönnuð börnum) 0.45 Shield (9:15) (e) (Stranglega bönnuð börnum) 1.30 Lola and Bilikid (Stranglega bönnuð börnum) 3.00 Fréttir og Ísland í dag 4.20 Ísland í bitíð (e) 5.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

BÍÓRÁSIN

6.00 Charlie's Angels: Full Throttle (Bönnuð börnum) 8.00 Pay It Forward 10.00 Committed 12.00 Drowning Mona 14.00 Pay It Forward 16.00 Committed 18.00 Drowning Mona 20.00 Charlie's Angels: Full Throttle (Bönnuð börnum) 22.00 Hard Cash (Stranglega bönnuð börnum) 0.00 Below (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 The Net (Bönnuð börnum) 4.00 Hard Cash (Stranglega bönnuð börnum)

OMEGA

16.00 Blandað emi 18.00 Joyce Meyer 19.30 Samverustund 20.30 Mariusystur 21.00 Um trúna og tilveruna Friðrik Schram (e) 21.30 Joyce Meyer 22.00 Í leit að vegi Drottins 22.30 Joyce Meyer 23.00 Fréttir frá CBN 0.00 Kvöldljós (e) 1.00 Næturþjónvarp

SKJAREINN

12.45 Norwich - Liverpool 15.00 Blackburn - Charlton ▶ 18.00 Bak við tjöldin - Ocean's Twelve

18.30 Þrumuskot - ensku mörkin 19.30 Everybody loves Raymond (e) Gamanþáttaröð um hinn nánast óþolandi íþróttapistlahöfund Ray Romano.

20.00 Dead Like Me Mason bjargar stúlku sem heitir Charlotte undan árásmanni. Hann fellur strax fyrir henni. Hún og George verða miklir vinir.

21.00 Dragnet Dragnet fjallar um störf úrvalsvæitar lögreglunnar í Los Angeles, Rán- og morðdeildarinnar undir stjórn Joe Friday rannsóknarlögreglumanns. Þessi þáttaröð er úr smíðju Dick Wolf, framleiðanda „Law and Order“ þáttanna.

21.50 The Handler Spennuþættir um aðgerðarsveit innan FBI sem þjálfa menn í að fara huldu höfði til þess að hafa uppi á harðsviðum glæpamönnum og uppræta hættuleg glæpagengi. Joe Pantoliano fer með aðalhlutverk.

22.45 W.B.A. - Newcastle

0.45 Law & Order: SVU (e) 1.30 Þrumuskot - ensku mörkin (e) 2.20 Östóðvandi tónlist

AKSJÓN

7.15 Korter 18.15 Korter 19.15 20.15 Korter 21.00 Niubió. The Land Girls 23.15 Korter

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS

10.00 SKY News Today 11.30 One-on-One 12.00 SKY News Today 13.00 News on the Hour 13.30 Review of the Year 14.00 News on the Hour 14.30 Review of the Year 15.00 News on the Hour 15.30 Review of the Year 16.00 News on the Hour 16.30 Review of the Year 17.00 Live at Five 19.00 News on the Hour 19.30 Review of the Year 20.00 News on the Hour 20.30 Review of the Year 21.00 Nine O'clock News 21.30 One-on-One 22.00 SKY News at Ten 22.30 SKY News 23.00 News on the Hour 23.30 Review of the Year 0.00 News on the Hour 0.30 CBS News 1.00 News on the Hour 1.30 Review of the Year 2.00 News on the Hour 2.30 Review of the Year 3.00 News on the Hour 3.30 Review of the Year 4.00 News on the Hour 4.30 Review of the Year 5.00 News on the Hour 5.30 CBS News

CNN INTERNATIONAL

8.00 Business International 9.00 Larry King 10.00 World News 10.30 World Sport 11.00 Business International 12.00 World News Asia 13.00 World News 13.30 World Report 14.00 World News Asia 15.00 World News 15.30 World Sport 16.00 Your World Today 19.30 World Business Today 20.00 World News Europe 20.30 World Business Today 21.00 World News Europe 21.30 Living Golf 22.00 Business International 23.00 Insight 23.30 World Sport 0.00 CNN Today 2.00 Larry King Live 3.00 Newsnight with Aaron Brown 4.00 Insight 4.30 World Report

EUROSPORT

7.30 Rally: Rally Raid Dakar 8.00 Ski Jumping: World Cup Innsbruck Austria 9.00 Nordic Combined Skiing: World Cup Ruhpolding Germany 10.00 Nordic Combined Skiing: World Cup Ruhpolding Germany 10.30 Rally: Rally Raid Dakar 11.00 Ski Jumping: World Cup Innsbruck Austria 12.00 Tennis: ATP Tournament Doha Qatar 15.00 Football: UEFA Cup 16.00 Ski Jumping: World Cup Innsbruck Austria 17.30 All sports: WATTS

18.30 Sumo: Kyushu Basho Japan 19.30 Fight Sport: Fight Club 21.30 Rally: Rally Raid Dakar 22.15 News: Eurosport News Report 22.30 Ski Jumping: World Cup Innsbruck Austria 0.00 Rally: Rally Raid Dakar

BBC PRIME

7.35 S Club 7: Viva S Club 8.00 Changing Rooms 8.30 Ready Steady Cook 9.15 Big Strong Boys in the Sun 9.45 Trading Up in the Sun 10.15 Bargain Hunt 10.45 The Weakest Link Special 11.30 Classic EastEnders 12.00 Classic EastEnders 12.30 Passport to the Sun 13.00 English Time: Get the Meaning 13.20 Muzzy in Gondoland 13.25 Muzzy in Gondoland 13.30 Teletubbies 13.55 Tweenies 14.15 Bits & Bobs 14.30 Zingalong 14.45 Tikkabilla 15.05 S Club 7: Viva S Club 15.30 The Weakest Link 16.15 Big Strong Boys in the Sun 16.45 Bargain Hunt 17.15 Ready Steady Cook 18.00 Diet Trials 18.30 EastEnders 19.00 Holby City 20.00 NCS Manhunt 21.00 NCS Manhunt 22.00 Lenny Henry in Pieces 22.30 I'm Alan Partridge 23.00 Born and Bred 0.00 Supernatural Science 1.00 Century of Flight 2.00 The Lost World of El Dorado 3.00 Make Or Break 3.30 Make Or Break 4.00 Follow Me 4.15 Follow Me 4.30 Spelling With the Spells

NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL

16.00 Dambusters 17.00 In Which We Serve 19.30 Commerce Raiders 20.00 Mosquito Hell 21.00 Inside the Britannic 22.00 Return to Titanic 23.00 Battlefield: Fall of the Philippines 23.30 Battlefield: Battle On Kwajalein 0.00 Inside the Britannic 1.00 Explorations: Space - Reaching for the Stars

ANIMAL PLANET

16.00 The Planet's Funniest Animals 16.30 Amazing Animal Videos 17.00 Growing Up... 18.00 Monkey Business 18.30 Big Cat Diary 19.00 O'Shea's Big Adventure 20.00 Mad Mike and Mark 21.00 Emergency Vets 21.30 Hi-Tech Vets 22.00 Natural Comparisons 23.00 Pet Rescue 23.30 Breed All About It 0.00

Vets in Practice 0.30 Emergency Vets 1.00 O'Shea's Big Adventure 2.00 Mad Mike and Mark 3.00 Emergency Vets 3.30 Hi-Tech Vets 4.00 The Planet's Funniest Animals 4.30 Amazing Animal Videos

DISCOVERY CHANNEL

16.00 Cast Out 16.30 Rex Hunt Fishing Adventures 17.00 Unsolved History 18.00 Wheeler Dealers 18.30 A Racing Car is Born 19.00 Myth Busters 20.00 Incredible Medical Mysteries 21.00 Trauma - Life in the ER 22.00 Freak Show 23.00 Forensic Detectives 0.00 Tanks 1.00 Gladiators of World War II 2.00 Cast Out 2.30 Rex Hunt Fishing Adventures 3.00 Hidden 4.00 Battle of the Beasts

MTV EUROPE

9.00 Top 10 at Ten 10.00 Just See MTV 12.00 SpongeBob SquarePants 14.30 Just See MTV 15.30 SpongeBob SquarePants 16.00 Dismissed 16.30 SpongeBob SquarePants 18.00 European Top 20 20.00 Making the Video 20.30 Jaccass 21.00 Top 10 at Ten 22.00 MTV Mash 22.30 Pimp My Ride 23.00 The Rock Chart 0.00 Just See MTV

VH1 EUROPE

9.00 Then & Now 9.30 VH1 Classic 10.00 Most Influential to MusicTop 10 11.00 Smells Like the 90s 11.30 So 80's 12.00 VH1 Hits 16.00 So 80's 17.00 VH1 Viewer's Jukebox 18.00 Smells Like the 90s 19.00 VH1 Classic 19.30 Then & Now 20.00 50 Sexiest Video Moments 22.00 VH1 Rocks 22.30 Flipside

CARTOON NETWORK

7.30 The Grim Adventures of Billy & Mandy 7.55 Courage the Cowardly Dog 8.20 Scooby-Doo 8.45 Spaced Out 9.10 Dexter's Laboratory 9.35 Johnny Bravo 10.00 The Addams Family 10.25 The Jetsons 10.50 The Flintstones 11.15 Looney Tunes 11.40 Tom and Jerry 12.05 Scooby-Doo 12.30

VIÐ MÆLUM MEÐ...

HISTORY OF FOOTBALL

SÝN kl. 23.15

Sögukennda fyrir boltabullur.

Breskir brautryðjendur

Hér er á ferð myndaflokkur sem sýndur hefur verið á Sýn undanfarið um eina vinsælustu íþrótt í heimi, knattspyrnu. Í þessum þætti verður farið um víðan völl og meðal annars fjallað um breska brautryðjendur, ósigrandi Ítali á fjórða áratugnum og frábært lið Ungverja á sjötta áratugnum. Á meðal viðmælenda er Pietro Rava úr heimsmeistaraliði

Ítala 1938 sem ræðir um knattspyrnu-íðkun á valdatíma einvaldsins Mussolini. Tom Finney og Walter Winterbottom tjá sig um vonbrigðin á HM 1950 þegar Engendingar töpuðu fyrir Bandaríkjamönnum. Í þættinum er einnig greitt frá því að Real Madrid varð ekki fyrst liðið til að vinna sigur í Evrópukeppinni.

Myndaflokkurinn fjallar eingöngu um fotbolta.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags 7.30 Morgunvaktin 9.03 Laufskálinn 9.40 Af minnisstæðu fólki 9.50 Morgunleikfimi 10.15 Stefnuþót 11.03 Samfélagið í nærmynd
12.20 Hádegisfréttir 13.05 Í hosi 14.03 Útvarpssagan, Blindingsleikur 14.30 Miðdegistónar 15.03 Af álfum var það nóg 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir
18.26 Spegillinn 18.50 Dánarfregni og auglýsingar 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Nú, þá, þegar 21.00 Litla stúlkan með eldspýturnar 21.55 Orð kvöldsins
22.15 Úr tónlistarlífinu

BYLJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson
12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalagahádegi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis
18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkvæðingum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

8.30 Einn og hálfur með Gestu Einarí Jónassyni 10.03 Brot úr degi
12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Dægurmálaútlarp Rásar 2 18.00 Kvöldfréttir
18.26 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir og Kastljósið 20.00 Útlarp Samfés 21.00 Konsert með The Darkness 22.10 Hringir
0.10 Glefsur 1.03 Ljúfir nærtútnar

ÚTLARP SAGA FM 99,4

6.00 Arnþrúður Karlsdóttir 7.00 Hallgrímur Thorsteinsson 8.00 Ingvi Hrafn 9.00 Sigurður G. Tómasson 11.00 Arnþrúður Karlsdóttir
12.00 Fréttir 13.00 Sigurður G. 14.00 Hrafnþing 15.00 Hallgrímur Thorsteinsson 16.00 Viðskiptabátturinn 17.00 Arnþrúður Karlsdóttir
18.30 Fréttir 20.00 Sigurður G. 22.00 Arnþrúður Karlsdóttir 23.00 Hallgrímur Thorsteinsson

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I'm 60 years old, Gene. What are you going to do: write me a recommendation for the morgue?“

Mr. Holland's Opus frá árinu 1995.
Svar: Glen Holland úr kvikmyndinni

23.15
Íþróttir
History of Football. Myndaflokkur um knattspyrnu en farið er yfir víðan völl í þætti kvöldsins.

SÝN

16.30 Íslenski popplistinn 17.00 Jíng Jang 17.45 David Letterman 18.30 Íþróttarárið 2004

19.30 Enski boltinn (Man. Utd. - Arsenal 1999) Leikur Manchester United og Arsenal í undanúrslitum bikarkeppinnar 1999 bauð upp á allt. Rautt spjald, vítaspyrnu í lok venjulegs leiktíma og ótrúlega dramatik í framlengingu. Rauðu djöflarnir náðu fyrstu í fyrri hálfleik en Skyttarnar jöfnuðu metin í þeim síðari.
22.00 Olíssport Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttateildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.
22.30 David Letterman Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

▶ 23.15 History of Football

POPP TÍVI

7.00 Meiri músík 17.40 17 7 19.00 Geim TV (e) 19.30 Crank Yankers 20.00 Popworld 2004 21.00 Headliners (e) 21.30 Idol Extra 22.00 Fréttir 22.03 Jíng Jang 22.40 The Man Show 23.10 Meiri músík

FOX KIDS

7.15 Magic School Bus 7.40 Tiny Planets 7.50 Little Wizards 8.15 Three Little Ghosts 8.45 Sylvanian Families 9.10 Happy Ness 9.35 Bad Dog 9.50 Three Friends and Jerry I 10.05 Dennis 10.30 Life With Louie 10.55 Inspector Gadget 11.20 Gadget and Gadgetinis 11.45 Black Hole High 12.10 Lizzie McGuire 12.35 Braceface 13.00 Hamtaro 13.25 Movable Mysteries 13.50 Pokémon 14.15 Digimon I 14.40 Spider-Man 15.05 Sonic X 15.30 Totally Spies

MGM MOVIE CHANNEL

8.05 A Trip with Anita 9.45 The Wizard of Loneliness 11.35 Cast a Long Shadow 12.40 Lambada (cannon) 14.25 The Secret Invasion 16.05 Death Rides a Horse 18.00 Mosquito Squadron 19.30 Late for Dinner 21.05 The Billion Dollar Hobo 22.40 Minotaur, the 0.15 Teenage Bonnie & Clyde 1.45 Meatballs 4 3.15 Boy, Did I Get a Wrong Number

TCM - TURNER CLASSIC MOVIES

20.00 Grand Prix 22.45 The Split 0.15 The Rack 1.50 The Scapegoat 3.25 The Angel Wore Red

HALLMARK

8.15 Not Just Another Affair 10.00 Just Cause 11.00 Early Edition 11.45 Barbara Taylor Bradford's Voice of the Heart 13.30 Pals 15.15 Not Just Another Affair 17.00 Murder Without Conviction 18.30 Early Edition 19.30 Just Cause 20.30 Bait 22.15 Deadlocked: Escape From Zone 14



NÝTT

ALBÚM Á NETINU

Þitt eigið myndaalbúm á netinu

- ▶ Framkallaðu myndir þegar þér hentar á Kodak ljósmyndapappír
- ▶ Hafðu myndirnar þínar á öruggum stað
- ▶ Flokkaðu þær eins og þú vilt í myndaalbúm
- ▶ Hafðu myndasýningu hvar sem er
- ▶ Sendu fjölskyldu og vinum myndir í netpósti
- ▶ eða gefðu þeim aðgang að myndaalbúmunum
- ▶ Sendu kveðjur með myndum
- ▶ Kynntu þér málið á www.hanspetersen.is



HANS PETERSEN

Kodak
Picture Center
ONLINE



... fær Trausti Jónsson veðurfræðingur fyrir að benda landsmönnum á þá staðreynd að á einu hlýjasta ári hérlendis síðan mælingar hófust var kuldamet jafnframt slegið í höfuðborginni þegar frost mældist 15,1 stig í nóvember.

SÉRFRÆÐINGURINN

Áramótaheitin: Lykilatriðið er að setja sér skrifleg markmið, segir Sölvi Fannar einkapjálfafr.

Staðið við áramótaheitin

Margir strengja þess heit um áramót að koma sér í betra líkamlegt form á árinu, enda veitir sjálfsagt ekki af eftir allt átið og letlífíð um jólin. Erfiðara getur reynt að standa við góðu áformin og hafa það úthald sem þarf til að falla ekki aftur í gryfju letlífisins. „Númer eitt, tvö og þrjú er að skilgreina markmiðin,“ segir Sölvi Fannar Víðarsson einkapjálfafr., sem rekur fyrirtækið Heilsuráðgjöf ehf. „Og það er mjög gott að gera það með því að skrifa niður það sem gera skal.“ Sölvi segir að meirihluti þeirra sem byrja í líkamsrækt stuttu eftir áramót hætti innan þriggja mánaða, og flestir á fyrstu vikunum. Þetta verður að teljast hátt brottfall, en þeir sem hættu eiga það allir sameiginlegt að hafa ekki sett sér skýr markmið, hvað þá skrifað þau niður. Annað sem skiptir verulegu máli er að vera ekki einn á

ferð heldur fá einhvern annan til að mæta með sér í líkamsrækt. „Strax og komnir eru fleiri en einn einstaklingur myndast nefnilega hópefli, þótt það geti hljómað einkennilega að nota það orð um tvo einstaklinga. En bara að vita að þú ert að fara með einhverjum eykur verulega líkurnar á því að þú farir af stað.“ Þriðja ráðið sem Sölvi Fannar gefur þeim sem ætla að byrja í líkamsræktaráttaki er að taka frá ákveðinn tíma í hverri viku, festa niður ákveðna dagskrá frekar en að mæta bara eftir hentugleikum. Losaraleg dagskrá eykur verulega líkurnar á því að góðu áformin verða endaslepp. „Mér finnst líka nauðsynlegt að fólk fari í mælingar þegar það byrjar og síðan verði fylgst reglulega með öllum breytingum. Oft veit fólk ekki við hverju á að

búast og áttar jafnvel sig ekki á öllum því sem líkamsræktin breytir í starfsemi líkamans hvað varðar atriði eins og styrkleika, liðleika, þrek, uppbyggingu á vöðvamassa og losun á fitumassa.“ Mestu skiptir þó að setja sér skýr markmið og missa ekki sjónar á þeim. „Markmið er í raun eins og skotmark. Ef við sjáum ekki skotmarkið þá vitum við aldrei hvort við hittum í mark eða ekki.“



SÖLVI FANNAR VÍÐARSSON
Kann bestu ráðin til að standa við áramótaheit um að komast í gott form.

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

Lárétt: 2 lappi, 6 són, 8 laug, 9 klæði, 11 öfugur tvíhljóði, 12 skálmur, 14 karlmenn, 16 tímabil, 17 flana, 18 horfir, 20 tvíhljóði, 21 makar.
Lóðrétt: 1 ógna, 3 í röð, 4 skordýrin, 5 hreyfast, 7 konunafn, 10 bættu við, 13 gremju, 15 sleit, 16 konunafn, 19 sólgúð.

Lausn:
Lárétt: 2 samr, 6 óm, 8 það, 9 tau, 11 ása, 19 ra.
Lóðrétt: 1 hótá, 3 ab, 4 maurana, 5 íða, 7 margrét, 10 ukú, 13 ama, 15 rauð, 16 18 sér, 20 au, 21 átar.
Lóðrétt: 1 hótá, 3 ab, 4 maurana, 5 íða, 7 margrét, 10 ukú, 13 ama, 15 rauð, 16 18 sér, 20 au, 21 átar.

VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á bls. 6

- 1 Jón Þórisson.
- 2 33.
- 3 Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar, og Valgerður Sverrisdóttir ráðherra.



BÖRKUR GUNNARSSON Er að gera góða hluti með sína fyrstu kvikmynd, Sterkt kaffi.

KVIKMYNDIN STERKT KAFFI VINSÆL Í TÉKKLANDI: NÁÐI 7. SÆTI Á ÁRSLISTA

Börkur undirbýr Karfann

Fyrsta kvikmynd leikstjórans Barkar Gunnarssonar, hin íslensk-tékkneska

Sterkt kaffi, er í sjöunda sæti yfir það mikilvægasta sem gerðist árið 2004 á kvikmyndasviðinu, samkvæmt hinu víðlesna tékkneska dagblaði Nedělní svet. Í efsta sæti er tilnefning tékknesku myndarinnar Zelary til Óskarsverðlauna fyrr á árinu. Aðeins ein tékknesk mynd sem var frumsýnd á árinu er fyrir ofan Sterkt kaffi á listanum. Einnig kemur fram að mynd Barkar sé ein af þremur sem er talin líklegust til afreka á verðlaunahátíðinni Tékkneska ljóninu þar sem 60 til 70 myndir keppast um hin virtu kvikmyndaverðlaun. Zelary hlaut til að mynda tvönn slík verðlaun á þessu ári.

Börkur segir þessa góðu dóma vera gleðileg tíðindi. Gerir hann sér þó engar sérstakar vonir um tilnefningar til Tékkneska ljónsins og er fyrst og fremst ánægður með að vera nefndur í hópi annarra góðra mynda. „Þetta er mjög hvetjandi og það er alltaf jafn gaman að einhverjir höfðingjar hafi áhuga á myndinni,“ sagði Börkur. Myndinni hefur einnig verið dreift um Pólland, Ungverjaland og Slóvakíu auk þess sem hún hefur verið sýnd á mörgum kvikmyndahátíðum við góðar undirtektir. Sterkt kaffi er gamanmynd í fullri lengd um samskipti kynjanna. Hún fjallar um tvö þör á þrítugsaldri sem fara í ferðalag

til æskuslóða stúlkanna. Lýsir hún á kómískan hátt hvernig þessi þör takast á við það álag sem fylgir því að fara út á land, þar sem gamsar virka ekki og rafmagn, sjónvarp og gott kaffi er vandfundið. Börkur er þegar farinn að undirbúa sína næstu mynd, Karfann, sem fjallar einnig um sambönd. „Hún sýnir kómíska hlíð á fjölskyldusamböndum og hversu fólk á erfitt með að ná saman. Hún heitir Karfann, sem er einmitt jólamaturinn í Tékklandi. Allir eru hræddir um að vera einir um jólin og berjast því fyrir því að fjölskyldan nái saman,“ segir hann.

freyr@frettabladid.is

ENSKA ER OKKAR MÁL

Ensku talnámskeið
Innritun hafin 2005

ÚTSALAN HEFST Í DAG
Opnum kl. 08.00
20-40% afsláttur

ROLLINGAR
HAFNABGATA
KEFLAVÍK

Ný slanguryrði í orðabók

Eftir að orðið „blingbling“ rataði í ensku Webster-orðabókina hafa umsjónarmenn netútgáfu ensku Oxford-orðabókarinnar ákveðið að bæta einnig nokkrum slanguryrðum í sarpinn. Slanguryrðin „thugged out“, „crack hoe“ og „hoochie“ urðu fyrir valinu og því geta þeir sem eiga erfitt með að skilja nýjan orðaforða unglinga kíkt í orðabók til þess að fá útskýringu á herlegheitunum. „Thugged out“ er þýtt í orðabókinni sem töffaralegur, „crackhoe“ er vændiskona sem reykir krakk og „hoochie“ er þýtt sem hrikalega flottur kvenmaður. Eflaust eru fáir málverndunarsinnar í skýjunum yfir þessum nýjungum en yfirritstjóri orðabókarinnar, Jesse Sheidlower, segir það hlutverk síns fólks að þýða þessi orð. „Ef unglignir nota orð sem ekki finnast í orðabókinni er það okkar skylda að bæta þeim við,“ segir hann. ■



JA RULE Á það til að skarta smá „blingbling-i“ á tónleikum og í myndböndum.

ZARA
ÚTSALA

www.zara.com

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
 Dreifing: 515 7520 Auglýsinga- og markaðsdeild: 550 5010 – fax 550 2727, auglysingar@frettabladid.is Vefvang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

99 kr/skeytið

Bíómiði á 99 kr?

SMS LEIÐUR

TAXI

S. HJERU MIÐUR

1.000 6. JAN.

Sendu SMS skeytið **JA TBF** á númerið **1900** og þú gætir unnið.

Vinningar eru miðar á myndina TAXI, DVD myndir og margt fleira.



BAKÞANKAR PRÁINS BERTELSSONAR


Ævintýra- veröld

Gleðilegt ár, góðir lesendur! Í grófum dráttum skiptist fólk í tvo hópa um hver áramót. Í öðrum hópnum eru þeir sem muna og geta utanbókar þulið afglöp stjórnmálanna, og slys og hörmungar að minnsta kosti 12 mánuði aftur í tímann. Í hinum hópnum eru þeir sem geta ekki fyrir sitt litla líf rifjað upp nokkurn skapaðan hlut utan síns persónulega reynsluheims. Sá sem hér heldur á þenna er því miður í síðarnefnda flokknum, svo að það sem kunnugir halda að sé umburðarlyndi er í raun og veru gleymaska.

HVAÐ SVO SEM öllum hörmungum líður og af þeim er meira en nóg í veröldinni þá er þessi hættulegi og ótryggi dvalarstaður mannkynsins einnig smekktullur af alls konar dásemdum og ævintýrum. Í breska blaðinu „Sjálftæðismaðurinn“ (The Independent) birtist um áramótin upptalning á 25 girnilegustu ævintýraferðum sem ferðaskrifstofur bjóða upp á að mati blaðsins. Athyglisvert var að tvö af þessum ævintýrum er boðið upp á í landinu okkar.

PARNA kennir margra grasa. Boðið er upp á úlfaldaveðreiðar í Ástralíu, haustlitaferð að skoða momijilauf í Japan, villidýraskoðun í Serengeti-garðinum í Tansaníu, leirbað í kólumbísku eldfjalli, kvöldverð á frægu veitingahúsi í Zanzibar, skíðaferðir með þylru í Kanada, sundsprett með hákórlum í Belís, bátsferð eftir ánni Lenu yfir Síberíu, skoðunarferð um Taormínu á Sikiley, hrossapóló í Búenos Aires, górrilluskoðun í Úganda, sólmyrkva í Madrid 3. okt. nk., píramída í Tíkal í Gvatemala, hjarnagolf á Grænlandi, hvalaskoðun í Suður-Afríku, skíðabrun í St. Moritz í Sviss, hvítabjarnarskoðun í Churchill í Kanada, að skoða Kristsstyttuna í Ríó úr þylru, vatnsbrettaferð um Murray-ána í Ástralíu, skoðunarferð um Hamatoura-klaustrið í Líbanon, skíðaferð um SkyVenture-vindgöngin í Orlando í Flórída, og æsilegasta rútuferð veraldar liggur um sjávarsíðuna á Mæjorku norðanverðri.

ÍSLENSKU ÆVINTÝRIN sem „Sjálftæðismaðurinn“ mælir með við lesendur sína eru vélsleðaferðir um íslenska jökla og pýsjuskoðun í Vestmannaeyjum. Við sem hérna búum vitum þó að hér er hægt að gera margt fleira skemmtilegt. Við erum lánsöm þjóð.



STÓRÚTSALAN

50-80% afsl.



HEFST Í DAG

Opið

virka daga 10 – 18
 laugardag 8. jan. 10 – 16
 sunnudag 9. jan. 13 – 17

ÚTIVIST & SPORT

verslanir / hópa- og fyrirtækjþjónusta

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 • Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 • Keflavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322

EDAL MYNDAVÉLAR FRÁ **OLYMPUS** – fyrir byrjendur jafnt sem atvinnumenn



Kr. 54.900

OLYMPUS
C 70

7.0 milljón dila upplausn · 5x aðdráttalinsa (tilsvarandi 38-190mm á 35mm filmu) · 5x stafrænn aðdráttur · Innbyggt flass · 2.0" skjár · Hreyfimyndataka með hljóði · 32mb XD minniskort · Lithium rafhláða · Hleðslutæki · Þyngd 220g



Kr. 34.900

OLYMPUS
Mju mini

4.0 Milljón dila upplausn · 2x aðdráttalinsa (tilsvarandi 35-70mm á 35mm filmu) · 4 x stafrænn aðdráttur · Innbyggt flass · 1.8" skjár · Hreyfimyndataka með hljóði · 16mb XD minniskort · Lithium rafhláða · Hleðslutæki · Þyngd 115 g



Kr. 29.900

OLYMPUS
C 470

4.0 Milljón dila upplausn · 3 x aðdráttalinsa (tilsvarandi 35-105mm á 35mm filmu) · 4 x stafrænn aðdráttur · Innbyggt flass · 1.8" skjár · Hreyfimyndataka með hljóði · 16mb XD minniskort · Lithium rafhláða · Hleðslutæki · Þyngd 160 g

pixlar FILMUR & FRAMKÖLLUN
 STAFRÆNN FRAMKÖLLUN
 Suburlandsbraut 52 Sími 5883700 Fjarbergata 13-15 · Hafnarfjörður Sími 565 4120

RÁÐIÓNAUST
 Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

BRÆÐURNIR
ORMSSON
 LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON
 SMÁRALIND